Ættfræði í jöfnunarmarki

Íþróttir ➤ 10

Einar Kára með nýja skáldsögu

Menning ➤ 15

TORG 520 9595

FRÉTTABLAÐIÐ

175. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 7. SEPTEMBER 2021

Bændur á bænum Múla í Skaftárhreppi voru í óðaönn að koma kindum sínum í öruggt skjól fyrir væntanlegu hlaupi á svæðinu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rekstur íslenskra lífeyrissjóða kostar yfir tuttugu og fimm milljarða á ári

Rekstrarkostnaður íslensku lífeyrissjóðanna nemur ríflega 25 milljörðum króna á ári. Formaður VR segir kostnaðinn áhyggjuefni.

ser@frettabladid.is

LÍFEYRISSJÓÐIR Rekstrarkostnaður íslensku lífeyrissjóðanna nemur ríflega 25 milljörðum króna á ári að því er fram kemur í samantekt um útgjöld þeirra sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Þar er skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lagður saman við fjárfestingargjöld sjóðanna. 21 sjóður er rekinn í landinu.

Mestur er kostnaðurinn hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, tæplega 4,3 milljarðar króna, en næstmest eru útgjöldin hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, rétt rúmir 4 milljarðar. Aðrir stórir sjóðir sem skera sig úr hvað háan stjórnunar-, skrifstofu- og fjárfestingarkostnað varðar eru Gildi og Birta, en árlegur rekstrarkostnaður þess fyrrnefnda er tæplega 3,6 milljarðar og þess síðarnefnda ríflega 2,2 milljarðar króna.

Árslaun framkvæmdastjóra þessara fjögurra sjóða eru í öllum tilvikum um og yfir 30 milljónir króna, hæst hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, tæplega 38 milljónir króna, en fimm aðrir stjórnendur þess sjóðs eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins samtals með tæplega 147 milljónir króna í árslaun, að meðaltali tæplega 30 milljónir króna.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, þess stéttarfélags sem skipar fjóra af átta stjórnarmönnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segir þennan rekstrarkostnað vera áhyggjuefni. „Það er ljóst af þessum tölum að úthýsing fjárfestinga í gegnum verðbréfasjóði og fjárfestingarfélög hefur aukist verulega á sama tíma og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður fer vaxandi. Hér fer ekki saman hljóð og mynd, því ef menn eru að úthýsa eignastýringu, umsýslu og ábyrgð sem því fylgir ættu sjóðirnir sjálfir að geta sparað í stjórnunar- og skrifstofukostnaði," segir Ragnar og metur það svo að í rauninni sé kostnaðurinn hærri.

„Það er ekkert gagnsæi í ársreikningum sjóðanna og þar kemur ekki allt fram," segir hann, „en í öllu falli eru of margir á spena þessa kerfis." ■

Nánar á Hringbraut í kvöld

Laus af Hömrum

DÓMSMÁL Hjúkrunarheimilið Hamrar í Mosfellsbæ krefur Erling Smith um tæpa milljón króna. Erling hefur líkt vistinni við varðhald og var Mosfellsbær dæmdur til að greiða honum miskabætur fyrir að veita honum ekki NPA-samning.

„Ég vil helst ekkert af þeim vita," segir Erling um þessa kröfu Hamra sem byggð er á dvalargjöldum sem Erling gat ekki greitt.

Forsvarsmenn Hamra segjast bundnir af lögum. SJÁ SÍÐU 4

> Ég vil helst ekkert af þeim vita.
>
> Erling Smith.

Farþegum fjölgaði um 45 þúsund á milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Farþegum í flugi Icelandair fjölgar

birnadrofn@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Farþegum sem flugu með Icelandair fjölgaði um 45 þúsund á milli mánaða en í ágúst síðastliðnum flugu rúmlega 264 þúsund farþegar með félaginu, það eru um 170 þúsund fleiri farþegar en í sama mánuði árið 2020. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Icelandair.

Farþegar í millilandaflugi Icelandair voru rúmlega 241 þúsund nú í ágúst samanborið við um 67 þúsund í ágúst í fyrra. Í ágúst á þessu ári voru farþegar til Íslands 145 þúsund talsins sem eru 92 þúsund fleiri farþegar en í ágúst í fyrra.

Farþegum í innanlandsflugi fjölgaði mikið á milli ára og voru þeir yfir 22 þúsund talsins í ágúst á þessu ári samanborið við um 12 þúsund á sama tíma í fyrra. Farþegum í innanlandsflugi hefur fjölgað um 55 prósent það sem af er ári miðað við sama tímabil í fyrra. ■

Skólalífið að komast í sinn vanagang

Ánægja nemenda í Kvennaskólanum í Reykjavík var mikil með spaghetti bolognese og hvítlauksbrauð sem boðið var upp á í mötuneyti skólans í gær. Gleðin var sérlega mikil þar sem ekki hafði verið boðið upp á mat í mötuneytinu í langan tíma vegna Covid-19. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hlaupið muni ná hámarki í kvöld

hjorvaro@frettabladid.is

NÁTTÚRA Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóra Suðurlands, lýsti yfir hættustigi almannavarna vegna Skaftárhlaups í gær. Síðustu daga hefur hlaupið úr Vestari- Skaftárkatli og vatn úr Eystri-Skaftárkatli náði svo niður að vatnshæðarmæli við Sveinstind í gær.

„Við höfum aukið löggæslu á þessu svæði og munum hafa sólarhringsvakt á meðan hlaupið gengur yfir. Við lokum Skaftárveginum, veginum frá Landmannalaugum að Fjallabaki nyrðra og Álftavatnskróknum að Hólmsá. Þetta er aðallega gert þar sem þessir vegir verða ekki færir öðrum bílum en sérútbúnum á meðan hlaupið gengur yfir," segir Björn Ingi Jónsson, verkefnisstjóri almannavarna á Suðurlandi. Ferðafólki er eindregið ráðlagt að halda sig fjarri farvegi Skaftár ofan Skaftárdals svo og jöðrum Skaftárjökuls, Tungnárjökuls og Síðujökuls.

> Við höfum aukið löggæslu á þessu svæði og munum hafa sólarhringsvakt á meðan hlaupið er að fara yfir.
>
> Björn Ingi Jónsson.

Vísindamenn telja vatnsmagnið í þessu hlaupi verða meira en í síðasta hlaupi á svæðinu árið 2018 en nái ekki jafn miklum krafti og 2015. ■

Drakk kók og borðaði trítla í þrekraun í Kollafirðinum

Sigurgeir Svanbergsson synti í níu klukkustundir til styrktar Einstökum börnum. Ýmislegt gekk á í ferðinni en hann er samt farinn að skoða fleiri leiðir til að styrkja samtökin.

benediktboas@frettabladid.is

Sigurgeir Svanbergsson á sundinu yfir Kollafjörð. MYNDIR/AÐSENDAR

SAMFÉLAG Sigurgeir Svanbergsson synti yfir Kollafjörð til styrktar Einstökum börnum í síðustu viku. Sundið tók alls níu klukkutíma en þrekraunin gekk ekki áfallalaust fyrir sig. Fylgdarbátur bilaði þannig að hann svamlaði um í rúmar 90 mínútur sem varð til þess að hann missti af straumunum sem hefðu getað hjálpað. Þá hélt hann engu niðri og saup kók og borðaði nammi-trítla á hálftímafresti til að fá svolitla orku. Svona mætti áfram telja. En hann komst í mark og endaði nánast á stofugólfinu hjá mömmu sinni sem býr í Bryggjuhverfinu, þar sem sundið endaði.

„Ég ætlaði að synda frá Reyðarfirði til Eskifjarðar en það fylltist allt af marglyttum fyrr en venjulega þannig að ég þurfti að hætta við og færa mig suður og fann þessa leið því hún er svipað löng," segir Sigurgeir.

Í fyrstu gekk allt eins og í sögu. Leiðin var greið en þá bilaði fylgdarbáturinn. Mótorinn hreinlega gaf sig. „Ég var því svamlandi um í rúmar 90 mínútur þar sem við biðum eftir öðrum bát. Á tímabili vissum við ekki hvort einhver væri að koma til að gera við eða hvort nýr bátur kæmi. Ég synti bara í hringi við tangann hjá Kjalarnesi á meðan og vonaðist eftir að einhver kæmi."

Hann segir að stórvinir hans hjá Hafsporti hafi svarað kallinu og komið með báta til að halda leiðangrinum áfram. „Ég elti nýja bátinn og þriðji báturinn bættist svo við undir lokin, sá sem hafði dregið þann bilaða í land. Það var því fjölmenni þegar ég steig í land," segir Sigurgeir.

Sigurgeir nærir sig í miðju þrekvirki.

Þegar hann var búinn að vera í sjónum í um sex klukkutíma gafst maginn upp og allt sem hafði áður farið niður fór upp. „Ég hélt engu niðri og til að fá einhverja orku tók ég tvo sopa af kóki á hálftíma fresti. Bætti svo við trítlahlaupköllum. Þrjóskaðist þannig í gegnum síðustu klukkutímana."

Hann segir að þegar hann byrjaði að sjá Bryggjuhverfið hafi hann fengið strauminn í fangið og synt og djöflast en ekkert komist áfram. „Ég fór ekkert áfram í um 40 mínútur. Það var ekkert sérstakt," viðurkennir Sigurgeir.

Hann steig á land í Bryggjuhverfinu, gjörsamlega búinn á sál á líkama. „Þegar ég kom í land hneig ég eiginlega niður og þurfti svolítið að átta mig á að þetta væri búið. En ég endaði þetta hjá mömmu sem býr þar, sem var gott."

Sigurgeir viðurkennir að það hafi tekið um tvo daga að jafna sig en hann sé orðinn góður og fleiri hugmyndir um að gera eitthvað fyrir Einstök börn séu strax komnar á teikniborðið.

„Vinir mínir eiga einstök börn og mér fannst þetta tilvalið að láta sundið skipta máli. Ég á eftir að gera eitthvað meira. Það er eitthvað byrjað að hugsa fleiri plön." ■

TOYOTA C-HR HYBRID

BÍLL Í C-HRFLOKKI

Verð frá: 5.490.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

Söluráðgjafar okkar eru í C-HRlega góðu skapi þessa dagana.
Hybryddaðu upp á einhverju skemmtilegu á nýjum C-HR.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Akureyri fái borgarhlutverk og aukin réttindi og skyldur

bth@frettabladid.is

SVEITARFÉLÖG Starfshópur um svæðisbundið hlutverk Akureyrar afhenti í gær Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skýrslu um „Svæðisbundið hlutverk Akureyrar“ eða borgarhlutverk Akureyrar.

Ráðherrann skipaði í október í fyrra starfshópinn undir forystu Birgis Guðmundssonar, prófessors við Háskólann á Akureyri. Helsta niðurstaðan er að Akureyri og nágrenni verði skilgreind sem svæðisborg.

Birgir segir að með slíku skrefi fengi Akureyri sérstakar skyldur en einnig aukin réttindi gagnvart ríkinu og nágrannabyggðum. Full þörf sé á að skilgreina Akureyri og nágrenni sem „annað borgarsvæði til viðbótar við þá erkiborg sem höfuðborgarsvæðið er“.

Með þessu myndu búsetukostir styrkjast og lífsgæði á landsvæðinu öllu um leið. Þar að auki myndi val um ólík borgarsvæði efla Ísland sem búsetuvalkost gagnvart útlöndum. „Skýrslan slær að þessu leyti nýjan tón í umræðu um byggðamál á Íslandi,“ segir Birgir.

Starfshópur leggur til að höfuðstaður Norðurlands fái ný réttindi og nýjar skyldur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

» Tæplega 20 þúsund íbúar eru á Akureyri.

Í skýrslunni segir að með því að byggja upp annað borgarsvæði muni byggð dreifast enn frekar í landinu og búseta á áhrifasvæði nýju borgarinnar eflast, rétt eins og fólk þekki frá höfuðborgarsvæðinu.

Stefnt skuli að því að Akureyri verði sérstakt byggðastig í stjórnsýslu milli höfuðborgarsvæðis og annarra byggða. ■

Fyrrverandi stjórnarformaður í hart við SÁÁ

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Arnþór Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður SÁÁ, hefur stefnt samtökunum vegna vangoldinna launa. Guðmundur Birgir Ólafsson, lögmaður Arnþórs, segir málsaðilana deila um upphæðir en vildi ekki greina frá hversu há krafa Arnþórs er. Var málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Arnþór hætti á miklum hitafundi SÁÁ í fyrra.

Arnþór hætti hjá SÁÁ fyrir aðalfund í fyrra þar sem mikil vatnaskil urðu. Þá sigraði Einar Hermannsson Þórarin Tyrfingsson, fyrrverandi formann og yfirlækni til áratuga, ásamt því sem ný stjórn kom inn.

» Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Fyrir fundinn voru harðar deilur vegna uppsagna sálfræðinga og bæði Arnþór og stjórnin sökuð um að ganga freklega á meðferðarstarfið. ■

Erling er laus af Hömrum en krafinn um tæpa milljón fyrir dómstólum

Erling Smith, lamaður maður sem neyddist til að dvelja á hjúkrunarheimili, hefur verið stefnt til greiðslu dvalargjalda. Í mars var Mosfellsbær dæmdur til að greiða Erling miskabætur fyrir að veita honum ekki NPA-þjónustu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Hjúkrunarheimilið Hamrar í Mosfellsbæ krefur Erling Smith um tæpa milljón króna og verður málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag.

Erling vann mál gegn Mosfellsbæ í mars sem Öryrkjabandalagið hefur lýst sem tímamótasigri. Mosfellsbær var dæmdur til skaðabótaskyldu gagnvart Erling og til greiðslu miskabóta og lögfræðikostnaðar vegna dráttar á að veita honum NPA-þjónustu. Mosfellsbær áfrýjaði þeim dómi og verður málið tekið fyrir í Landsrétti í næstu viku.

„Ef ég fer í fangelsi þarf ég ekki að borga fyrir það,“ segir Erling um kröfuna en hann hefur áður lýst vistinni eins og varðhaldi. Erling er 57 ára véltæknifræðingur sem lamaðist eftir vélhjólaslys og er einnig greindur með MS-sjúkdóminn.

NPA-samningi Erlings var rift árið 2016 og lagðist hann þá inn á Hamra, þar sem aðallega mjög aldraað og veikt fólk dvelur. Erling samþykkti ekki langtímavistun og gat þar að auki ekki greitt dvalargjöldin. Hefur hann til dæmis þurft að leita á náðir vina til þess að greiða þau.

Í mars hafnaði héraðsdómur þeim málflutningi Mosfellsbæjar að NPA-þjónusta væri háð fjárframlögum frá ríkinu. Hafi Erling því neyðst til þess að dvelja á Hömrum en ekki heimili sínu.

Erling er laus af Hömrum þar sem hann dvaldi frá árinu 2016. MYND/ÖBÍ

Erling er nú kominn heim til sín og loksins kominn með NPA-þjónustu. „Ég vil helst ekkert af þeim vita,“ segir hann aðspurður um þá sem halda kröfunni uppi. Hin nýja krafa hljóðar upp á 834 þúsund krónur.

Flóki Ásgeirsson, lögmaður Erlings, segir að verði skaðabótakrafan staðfest í Landsrétti í haust verði höfðað skaðabótamál á hendur Mosfellsbæ. Óljóst er hversu há krafan verður. „Það verður reiknað út. Til dæmis þessi dvalargjöld sem innheimt hafa verið og annað tjón til viðbótar,“ segir Flóki.

» Heimilunum er gert að innheimta þann kostnað sem Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir að íbúar skuldi.

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Eirar.

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Eirar sem rekur Hamra, segir stofnunina milli steins og sleggju. „Öll innheimta byggir á lögum um málefni aldraðra. Heimilunum er gert að innheimta þann kostnað sem Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir að íbúar skuldi,“ segir Eybjörg.

Segir hún hjúkrunarheimilin ítrekað hafa mótmælt þessu fyrirkomulagi, það er að vera innheimtuaðili fyrir ríkissjóð.

Spurð hversu hart verði gengið fram í þessu máli, það er hvort krafist verði fjárnáms og gjaldþrotaskipta ef svo beri undir, segir Eybjörg enga ákvörðun hafa verið tekna varðandi einstök mál. ■

Athugið að myndin er samsett og að sóttvarnarreglur voru virtar. Sprittum saman.

Skúli í Subway stefnir KPMG í kjölfar tapaðs dómsmáls

bth@frettabladid.is

DÓMSMÁL Skúli Gunnar Sigfússon, gjarnan kenndur við Subway, hefur höfðað mál gegn endurskoðendaskrifstofunni KPMG. Hann höfðar einnig mál gegn fyrirtækinu Logos til vara, lögmannsstofunni sem áður gætti hagsmuna Skúla í máli sem tapaðist fyrir Hæstarétti.

„Þar er fallinn endanlegur dómur sem ég er ósammála. En hann gildir því miður og þess vegna verð ég að grípa til þessara úrræða," segir Skúli.

Í október var Skúli dæmdur til að greiða hálfan milljarð króna með dráttarvöxtum í Hæstarétti þegar fyrirtæki hans, Sjöstjarnan, þurfti að þola riftun á ráðstöfun fasteignar úr félaginu Eggert Kristjánsson hf. Að sögn lögmanns Skúla, Konráðs Jónssonar, sem sækir nýja málið, telur Skúli að ekki hafi verið rétt staðið að ráðstöfun þessara fasteigna á sínum tíma. Logos sé stefnt til vara ef KPMG verði sýknað, meðal annars á þeim grundvelli að krafan á hendur því sé fyrnd. Með öðrum orðum að lögmannsstofan sem Skúli réð til starfa áður til að verja sig hefði átt að stefna KPMG áður en málið fyrndist.

> Fyrrverandi lögmannsstofu Skúla er stefnt til vara. Tekist er á um riftanir og fyrningu í fasteignamáli.

Málareksturinn, sem lauk með Hæstaréttardóminum á árinu, vakti mikla athygli og stóð lengi yfir. Skúli hefur meðal annars gagnrýnt vinfengi forseta Hæstaréttar við Svein Andra Sveinsson sem var þrotabússtjóri í dómsmálinu. ■

Talibanar lýstu yfir sigri í Panjshir landsvæðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Talibanar náðu síðasta svæðinu

hjorvaro@frettabladid.is

AFGANISTAN Talibanar lýstu í gær yfir sigri í Panjshir, sem er landsvæði norðaustur af Kabúl. Svæðið var fyrir gærdaginn það eina í Afganistan sem talibanar höfðu ekki lýst yfir að hafa náð stjórn í.

Hersveitir andstæðinga Talibana hafa ekki viðurkennt ósigur á svæðinu. Ahmad Massoud, leiðtogi Þjóðvarnarsveitar Afganistan, hvatti til andspyrnu við valdaráni Talibana og átaldi þjóðarleiðtoga heims og alþjóðastofnanirf fyrir að leyfa þeim að hrifsa völdin í landinu. ■

Kraftaverk að barn fannst á lífi

hjorvaro@frettabladid.is

ÁSTRALÍA Lögreglan í Nýja Suður-Wales í Ástralíu fann í gær þriggja ára dreng, sem hafði verið týndur í skóglendi í rúma þrjá sólarhringa, heilan á húfi.

Hvarf drengsins, sem er með einhverfur og mállaus, var rannsakað sem sakamál. Lögreglumenn komu auga á hann úr þyrlu í skóginum en talið er kraftaverk að hann sé á lífi. ■

Hver grunnskólanemandi kostar tæplega 2,3 milljónir að meðaltali.

Kostnaður lækkar milli mánaða

birnadrofn@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Árlegur meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum lækkar um 1,7 prósent á milli mánaða, frá ágúst til september 2021, samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands. Áætlaður kostnaður á hvern nemanda í núlíðandi septembermánuði er 2.280.623 krónur.

Í sama mánuði í fyrra var áætlaður meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda rétt rúmar tvær milljónir og 38 þúsund. Það er um 107 þúsund krónum hærri meðalkostnaður en í september árið 2019. ■

Milljón Covid-19 sýni verið tekin hér á landi frá upphafi faraldursins

Í gær var milljónasta sýnið vegna skimunar fyrir kórónaveirunni tekið á vegum heilbrigðisyfirvalda. Eitt slíkt sýni kostar á bilinu fjögur til sjö þúsund krónur og er heildarkostnaðurinn því á bilinu fjórir til sjö milljarðar.

kristinnpall@frettabladid.is



Í upphafi faraldursins voru ýmsar aðferðir notaðar til að taka sýni hjá fólki. Þessi maður fór í sýnatöku í bíl sínum fyrir utan heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

COVID-19 Ákveðinn áfangi í sögu kórónaveirufaraldursins á Íslandi náðist í gær þegar milljónasta sýnið var tekið. Þetta staðfesti Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Í upphafi vikunnar höfðu verið tekin 997 þúsund sýni en undanfarna daga hafa um eða yfir þrjú þúsund sýni verið tekin daglega. Að sögn Óskars kosta sýnin á bilinu fjögur til sjö þúsund krónur sem þýðir að tekin hafi verið sýni fyrir að minnsta kosti fjóra milljarða króna. Ekki eru þar með talin sýni sem tekin eru af einkareknum fyrirtækjum.

Í upphafi faraldursins var talið að kostnaður við eitt sýni væri um tíu þúsund krónur sem myndi þýða að búið væri að taka fyrir tíu milljarða króna en Óskar segir það ekki vera rétta upphæð.

„Hraðgreiningarprófin kosta um fjögur þúsund og hin prófin, PCR-prófin, kosta um sjö þúsund," segir Óskar aðspurður um kostnað við hvert próf. „Við sem heilbrigðisstofnun megum ekki rukka meira en það sem sýnið kostar. Þegar einstaklingar fara í hraðgreiningarpróf á leiðinni úr landi rukkum við einfaldlega það sem prófið kostar," segir hann.

Af þeim 997 þúsundum sýna sem búðir var að taka um helgina var stærsti hlutinn tekinn innanlands eða 599 þúsund sýni. Landamærasýnin eru færri eða tæplega 400 þúsund, þar af 287 þúsund í fyrri skimun.

> Það er hálf lygilegt að heyra þessa tölu.
>
> Óskar Reykdalsson.

> **6.441**
>
> Um sex og hálft þúsund sýna var tekið þann 27. júlí síðastliðinn.

Þegar mest lét var 6.441 sýni tekið, 27. júlí síðastliðinn, stuttu eftir að fjórða bylgjan hófst með Delta-afbrigðinu.

Óskar tekur undir að það sé örlítið skrýtið að komið sé að þessum áfanga en segist allt eins eiga von á því að önnur milljón sýna verði tekin.

„Það er hálflygilegt að heyra þessa tölu," segir Óskar og bætir við: „En á sama tíma eigum við von á því að taka milljón sýni til viðbótar. Miðað við alla viðburði sem eru fram undan og breyttar reglur um smitgát og að taka alla sem vilja fara á viðburði í hraðpróf." ■

Ekki nóg rætt um sameiningarmál á Suðurlandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUÐURLAND Fyrsti kynningarfundurinn af fimm um sameiningu sveitarfélaga á Suðurlandi var haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli í gærkvöld. Verða þeir svo koll af kolli í sveitarfélögunum fimm sem kjósa um sameiningu samfara alþingiskosningunum 25. september. Það er Rangárþingi eystra og ytra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi.

„Sameiningarmálin hafa því miður verið of lítið í umræðunni hérna í sveitarfélögunum," sagði Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárþings eystra, fyrir fundinn í gær. Á honum var farið yfir kynningarefnið um sameininguna og opnað fyrir fyrirspurnir og umræður. Öllum fundunum verður jafnframt streymt á netinu.

„Ég hef mjög litla tilfinningu fyrir því hvernig kosningin muni fara," segir Lilja. „Ég bind vonir við

Kosið er um sameiningu á svæðinu hér að neðan

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

að fundirnir verði til þess að fólk kafi dýpra í efnið og taki afstöðu á grundvelli þekkingar."

Þó að umræðurnar hingað til hafi ekki verið áberandi og áhuginn mætti vera meiri eru málefni í deiglunni, einkum samgöngumálin. „Samgöngumálin skipta miklu því þetta yrði víðfeðmasta sveitarfélag landsins," segir Lilja. Myndi það slá hinu nýstofnaða Múlaþingi við.

Næsti fundur er fimmtudaginn 9. september í Leikskálum í Vík. Mánudaginn 13. september verður fundað í Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 14. september á Laugalandi í Ásahreppi og miðvikudaginn 15. september í íþróttahúsinu á Hellu.

Verði sameiningin samþykkt mun undirbúningshópur vinna að henni í vetur og ný sveitarstjórn taka við eftir sveitarstjórnarkosningarnar næstkomandi vor. Sameiningin er háð því að meirihluti í öllum sveitarfélögunum samþykki hana. ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR

MÖGNUÐ TILBOÐ

70% AFSLÁTTUR

ISABELLA, GORMADÝNA 180 X 200 CM

25.074 KR.

VERÐ ÁÐUR 83.580 KR.

50% AFSLÁTTUR

NINA RÚM OG ROYAL AVIANA DÝNA 160 X 200 CM

103.590 KR.

VERÐ ÁÐUR 207.180 KR.

60% AFSLÁTTUR

RÚMTEPPI, VERÐDÆMI "PEGASO" TEPPI 180 X 265 CM

9.960 KR.

VERÐ ÁÐUR 24.900 KR.

-20%

COMO HÆGINDASTÓLL, KREMLITAÐUR EÐA GRÁR

39.920 KR.

VERÐ ÁÐUR 49.900 KR.

-20%

FORTE, RAFDRIFINN HÆGINDASTÓLL

91.840 KR.

VERÐ ÁÐUR 114.800 KR.

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL. GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Hjartalaus lagasetning

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Í liðinni viku tóku gildi í Texasfylki strönguustu lög Bandaríkjanna gegn þungunarrofi sem gera það með öllu ólöglegt eftir sex vikna meðgöngu. Ekki nóg með að konum séu sett svo þröng skilyrði að um leið og þær átta sig á að þær eru þungaðar sé að öllum líkindum orðið of seint að binda enda á meðgönguna; þá er samborgurum þeirra sem þó finna sér leiðir til þungunarrofs umbunað fyrir að segja frá.

Sú útfærsla er sérstaklega hönnuð til að gera hæstarétti kleift að fara gegn Roe gegn Wade, dómafordæminu frá árinu 1973 sem verndað hefur rétt bandarískra kvenna til þungunarrofs. Almenningur er þannig hvattur til að senda inn nafnlausar ábendingar um hvern þann sem á einhvern hátt aðstoðar við þungunarrof; heilbrigðisstarfsmann, fjölskyldumeðlim konunnar eða jafnvel bílstjórann sem ekur henni á staðinn. Er háum greiðslum lofað fyrir slíkar ábendingar, eða tæplega 1,3 milljónum íslenskra króna.

Ætla má að með slíkri nágrannavörslu sé menningarstríð af nýrri stærðargráðu í uppsiglingu í landi sem sífellt klofnar meira innan frá. Eins er nú ekkert sem kemur í veg fyrir að önnur fylki fylgi fordæmi Texasyfirvalda og allt eins líklegt að önnur málefni fari sömu leið. Nýverið tóku gildi í fylkinu lög um að hver sem er megi ganga um vopnaður byssu og hvorki þurfi til þess leyfi né þjálfun. Eins hefur ríkisstjóri Texas beitt sér gegn bólusetningar- og eða grímuskyldu í fyrirtækjum og stofnunum fylkisins. Yfirvöld í Texas bera því augljóslega ómælda virðingu fyrir mannlegu lífi … fram að fæðingu.

Í lok september reifaði ég á þessum vettvangi áhyggjur mínar af vali þáverandi Bandaríkjaforseta á Amy Coney Barrett í röð hæstaréttardómara. Sjö barna móðirin sem trúir því að líf hefjist við getnað, eftirlæti íhaldsins og andstæðinga Roe gegn Wade, situr nú í hæstarétti Bandaríkjanna. Konan sem nú lagði blessun sína yfir eina mestu afturför í lagasetningu í landi hinna frjálsu sem samþykkt var með fimm atkvæðum gegn fjórum. Áhyggjur af ráðningu hennar reyndust því ekki úr lausu lofti gripnar.

Skýr afstaða þeirra fimm dómara sem kusu með lögunum er bæði augljós og ógnvekjandi.

Þeim, sem ekki átta sig á mögulegum áhrifum slíkrar afturfarar á okkur öll, bendi ég á skáldsögu Margaret Atwood, The Handmaid's Tale. Þróunin minnir óþægilega mikið á dystópískan söguþráðinn og því miður eru allar líkur á að þetta sé bara byrjunin. ■

> Yfirvöld í Texas bera því augljóslega ómælda virðingu fyrir mannlegu lífi … fram að fæðingu.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Kvíðavangshlaupið
Kórónaveirutíminn er að verða eitthvert lengsta kvíðavangshlaup sem þjóðin hefur tekið þátt í. Nú, þegar ef til vill sér fyrir endann á þessu dæmalausa deltaafbrigði sem dregið hefur kvíðavangshlaupið á langinn, sjáum við blessunarlega fram á einn eitt kvíðakastið. Landskjörstjórn hefur kunngjört breytt kjördæmamörk í Reykjavík. Munu nú rugluðustu kjördæmamörk í nokkru lýðræðisríki kalla fram algerlega nýjan kvíða, nefnilega; í hvaða kjördæmi er ég eiginlega lent/ur?

Norðan brautar, vestan geisla
Eitthvað hefur þetta víst með íbúaþróun að gera í nýrri enda borgarinnar. Áhrifin eru þau, segir landskjörstjórn, að kjósendur í Grafarholti sem búsettir eru fyrir norðan Kristnibraut en vestan Jónsgeisla kjósa nú í Reykjavíkurkjördæmi suður, en voru áður í Reykjavíkurkjördæmi norður. Kjörstaður þeirra breytist þó ekki, er áfram í Ingunnarskóla. Kjósendur norðan Kristnibrautar, en vestan Jónsgeisla, núna suður, áður norður, en sami kjörstaður, velja nú á milli allt annarra frambjóðenda en þeir voru að kynna sér í síðustu viku. Og frambjóðendurnir sitja uppi með allt aðra kjósendur en þeir voru að daðra við fyrir helgi. Þetta er náttúrlega efni í almennilegan kvíða. ■

Hverjir leiða launaþróunina?

Friðrik Jónsson
formaður BHM.

Ragnar Þór Pétursson
formaður KÍ.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður BSRB.

Hvernig getur það staðist að opinberir starfsmenn hafi verið leiðandi í launaþróun síðasta árið eins og ítrekað hefur verið haldið fram undanfarið? Svarið við spurningunni er einfalt. Það getur ekki staðist, enda er það ekki rétt.

Hið rétta er að þeir sem leiða launaþróun í landinu eru starfsmenn á almennum vinnumarkaði í gegnum lífskjarasamningana. Eitt af meginmarkmiðum þeirra samninga var að bæta kjör þeirra lægst settu með krónutöluhækkunum. Það var einnig markmið fjölmargra stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem sömdu í kjölfarið. Það er sérstaklega ánægjulegt að þetta markmið hafi náðst. Laun lægstlaunuðu félagsmanna okkar hafa hækkað hlutfallslega meira en laun þeirra sem hærri hafa tekjurnar, rétt eins og að var stefnt.

En af hverju er því þá haldið fram að opinberir starfsmenn leiði launaþróun í landinu? Ástæðan er einföld. Starfsfólk ríkis og sveitarfélaga er almennt á lægri launum en starfsfólk á almennum markaði. Vegna krónutöluhækkana mælist hækkunin hlutfallslega meiri hjá opinberum starfsmönnum vegna þess að fleiri eru á lægstu laununum en á almenna markaðinum.

Stytting vinnuvikunnar á einnig sinn þátt í því að laun virðast hafa hækkað meira á opinberum vinnumarkaði. Skýringin liggur í því hvernig launavísitalan er reiknuð, ekki því að laun hafi hækkað. Vísitalan mælir tímakaup reglulegra launa og hækkar því þegar vinnustundum fækkar. Því er hluti af þeim hækkunum sem mælast hjá opinberum starfsmönnum ekki að skila fleiri krónum í budduna.

Lygin verður ekki sannleikur, sama hversu oft hún er endurtekin. Þeir sem kynna sér málið sjá að fullyrðingar um að opinberir starfsmenn leiði launaþróun í landinu eru rangar. Hið rétta er að það er verulegur og vel þekktur kerfislægur launamunur milli markaða, opinberum starfsmönnum í óhag. Það verður verkefni næstu missera að uppræta þann mun. ■

> Lygin verður ekki sannleikur, sama hversu oft hún er endurtekin.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Miðjustjórn Sigurðar Inga er vænlegur kostur

Ólafur Arnarson

hagfræðingur.

Sitjandi ríkisstjórn snýst um kyrrstöðu. Flokkarnir ráða sínum ráðuneytum. Vinstri grænir geta illa séð neitt annað en algeran ríkisrekstur í öllu sem snýr að heilbrigðisþjónustu og Sjálfstæðisflokkurinn leggur ofurkapp á varðstöðu um sérhagsmuni stórútgerðarinnar. Flokkarnir eru samhuga í að halda Íslandi utangátta í samstarfi evrópskra lýðræðisþjóða.

Framsóknarflokkurinn hefur náð góðum árangri á þessu kjörtímabili. Má þar nefna umbyltingu í málefnum barna og markvissa sókn í samgöngumálum. Framsóknarflokkurinn á meiri samleið með öðrum miðjuflokkum en jaðarflokkunum sem hann starfar nú með í ríkisstjórn.

Sigurður Ingi Jóhannsson og fleiri Framsóknarmenn hafa í fjölmiðlaviðtölum bent á að miðjustjórn gæti verið heppilegur kostur eftir kosningar. Slíkt stjórnarsamstarf yrði um að rjúfa kyrrstöðu og afturhald – um sókn fram á við.

> **Framsóknarflokkurinn hefur náð góðum árangri á þessu kjörtímabili.**

Sigurður Ingi hefur reynslu af því að leiða ríkisstjórn. Eftir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson neyddist til afsagnar 2016 kom það í hlut Sigurðar Inga að taka við stórlaskaðri ríkisstjórn og flokki og fórst honum það vel úr hendi.

Sigurður Ingi er öfgalaus mannasættir, laginn í mannlegum samskiptum – maður sem leiðir fólk saman fremur en að sundra. Þetta eru mikilvægir kostir forsætisráðherra í lýðræðisríki.

Sem góðum Framsóknarmanni sæmir stendur Sigurður Ingi vörð um landbúnaðinn. Það kæmi ekki að sök í miðjustjórn þar sem sæmilegur friður ríkir um íslenskan landbúnað. Ólíklegt er að sjávarútvegsmál stæðu í vegi fyrir myndun miðjustjórnar undir forsæti Sigurðar Inga.

Sigurður Ingi er lausnamiðaður maður. Hann er líklegur til að taka rökum varðandi vanda krónunnar og opinn fyrir möguleikum varðandi evrutengingu og frekara samstarf við ESB.

En, er möguleiki á að miðjuflokkar fái nægan þingstyrk til að mynda saman ríkisstjórn?

Til að miðjustjórn geti orðið þyrftu Framsókn, Viðreisn og Samfylking að fá 27 þingmenn samanlagt. Með sex Pírötum nyti miðjustjórn stuðnings 33 þingmanna. Þetta yrði eins konar Reykjavíkurmynstur með Framsókn í stað Vinstri grænna. Skoðanakannanir benda til að slík niðurstaða sé raunhæfur möguleiki. ■

Göngugata verður til

Pawel Bartoszek

formaður skipulagsráðs og borgarfulltrúi Viðreisnar.

Síðan í vor er Laugavegurinn formlega orðinn að göngugötu alla leið upp að Frakkastíg. Stefnan er að lengja göngugötuna enn frekar á næstu misserum. Þó búið sé að setja upp göngugötuskilti er verkefninu auðvitað ekki lokið. Það eru miklar breytingar fram undan!

Það var strax farið í glæða götuna lífi. Á Laugaveginum má finna hlaupabraut og landsins lengsta París. Nú er hins vegar komið að varanlegri umbreytingu Laugavegs í göngusvæði, malbikið verður látið víkja fyrir samfelldu yfirborði og hugað að aðgengi allra notendahópa.

Þrjú teymi voru valin til að hanna útfærslu á Laugavegi milli Bankastrætis og Klapparstígs. Niðurstaða þeirrar forhönnunar liggur fyrir. Sjón er sögu ríkari og ég hvet fólk til að skoða hugmyndirnar á vef Reykjavíkurborgar.

Meðal annars má finna tillögur að litríkum borgargarði upp eftir Skólavörðustíg þar sem árstíðirnar fjórar verða í aðalhlutverkum. Með mögulegri stöllun götunnar í Bankastræti og á Skólavörðustíg skapast enn meiri tækifæri til að nýta svæðið betur til veitingarekstrs á sólríkum dögum. Mikil áhersla er lögð á frumlega lýsingu enda þarf göngugatan að vera aðlaðandi jafnt á aðventu sem í sumarsól.

Fram undan er endanleg hönnun og geta framkvæmdir á hluta svæðisins vonandi hafist á næsta ári. Það er gleðilegt að sjá Laugaveg verða að varanlegri göngugötu – allt árið um kring. Ég spái því að fáir muni vilja snúa til baka þegar þessari umbreytingu er lokið. ■

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

Albert Guðmundsson sendi boltann fyrir markið þar sem Andri Lucas brást frábærlega við og skoraði jöfnunarmarkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Albert Guðmundsson

Andri Lucas Guðjohnsen

Jöfnunarmark sem angaði af glæstri sögu

Þriðji ættliður Guðjohnsen-fjölskyldunnar skoraði jöfnunarmark Íslands eftir undirbúning Alberts Guðmundssonar sem er af fjórðu kynslóð landsliðskarla og -kvenna.

Albert Guðmundsson



Ingi Björn Albertsson

Kristbjörg Ingadóttir

Aldur: 24 ára.
Félag: AZ Alkmaar.
Landsleikir: 22.
Mörk: 4.

benediktboas@frettabladid.is

„Andri Lucas Guðjohnsen! Hans fyrsta landsliðsmark. Albert sendir á Andra sem tekur geggjaðan snúning rétt við markteiginn og skorar," sagði í beinni textalýsingu fótbolta.net á landsleik Íslands og Norður-Makedóníu.

Markið tryggði íslenska landsliðinu stig í undankeppni HM.

Þarna komu synir og barnabörn og jafnvel barnabarnabörn tveggja merkustu fótboltaætta landsins saman að einu marki.

Albert er sonur Kristbjargar Ingadóttur sem spilaði fjóra landsleiki en tókst ekki að skora. Faðir hennar er Ingi Björn Albertsson ein allra mesta markamaskína sem Ísland hefur alið. Ingi Björn skoraði alls 126 mörk á ferlinum, lék 15 landsleiki og skoraði í þeim tvö mörk. Faðir hans var svo Albert Guðmundsson, einn allra besti fótboltamaður Íslandssögunnar, sem lék með Arsenal og AC Milan. Hann spilaði sex landsleiki og skoraði tvö mörk.

Þess má geta að pabbi Alberts yngri er Guðmundur Benediktsson sem spilaði 10 landsleiki og skoraði 2 mörk.

Andri Lucas ber hið goðsagnakennda Guðjohnsen-nafn sem hefur verið samofið íslenskri knattspyrnu síðan afi hans, Arnór, braust fram á sjónarsviðið fyrir um 40 árum. Arnór spilaði 73 landsleiki og skoraði 14 mörk. Sonur hans, Eiður Smári, er einn af okkar allra bestu knattspyrnumönnum. Hann er enn markahæsti leikmaður landsliðsins með 26 mörk í 88 landsleikjum. ■

Arnór Guðjohnsen

Eiður Smári Guðjohnsen

Aldur: 19.
Félag: Real Madrid.
Landsleikir: 2.
Mörk: 1.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 7. september 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Hljómsveitin Brek. MYND/AÐSEND

Um nýliðinn dag

thordisg@frettabladid.is

Nýstárlega og skemmtilega þjóðlagasveitin Brek ríður á vaðið í fyrsta Sagnakaffi haustsins í Borgarbókasafninu, menningarhúsi Gerðubergi, á morgun, miðvikudag, klukkan 20.

Hljómsveitin Brek var stofnuð haustið 2018. Hún tvinnar saman áhrif frá mismunandi stílum þjóðlaga- og dægurtónlistar, og reynir að finna nýjar og spennandi leiðir við notkun hljóðfæra til að skapa grípandi og þægilega stemningu, en jafnframt krefjandi á köflum.

Lög Breks sækja til dæmis innblástur í íslenska náttúru og veðrabrigði. Þau eru sungin á íslensku en hljómsveitarmeðlimir leggja áherslu á fjölskrúðugt orðbragð og að nýta þann mikla og fallega orðaforða sem íslenskan býr yfir.

Brek var nýverið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokki þjóðlagatónlistar, og í sumar kom út fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar.

Á Sagnakaffinu er reynt að útvíkka ramma hefðbundinnar sagnamennsku. Sagðar eru sögur í tali, tónum, takti, ljóðum og leik. Fólk úr ýmsum geirum þjóðfélagsins er fengið til leiks, svo sem tónlistarfólk, leikarar, uppistandarar, ljóðskáld og rapparar.

Sagnakaffið fer að þessu sinni fram í Bergi í Gerðubergi og geta gestir fengið sér kaffi og með því í kaffihúsinu áður en dagskrá hefst.

Öll velkomin og ókeypis aðgangur. ■

Brynja Dadda og Hafþór við pítsuofninn góða. Þau ákváðu að einfalda líf sitt og flytjast alfarið búferlum í yndislegt sumarhús sitt í Kjósinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hér líður okkur best

Margir eiga sér draum um sumarhús. Hjónin Brynja Dadda Sverrisdóttir og Hafþór Bjarnason létu drauminn rætast þegar þau keyptu lóð fyrir sumarhús í Norðurnesi í Kjósinni. 2

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Þau Brynja Dadda og Hafþór hönnuðu og smíðuðu sitt eigið sumarhús með aðstoð góðra manna árið 2014 og tveimur árum síðar var húsið risið. Nú fjórum árum síðar er sumarhúsið Móberg orðið heimili þeirra hjóna en þau ákváðu að selja eign sína á höfuðborgarsvæðinu og flytja alfarið í sveitina. Í Móberginu líður þeim best og huga þau nú meira að sjálfbærni og lífrænni ræktun en nokkru sinni fyrr.

„Okkur hefur liðið svo vel í sveitinni. Við erum bæði fædd og uppalin í Reykjavík en landsbyggðin togaði alltaf í okkur. Við bjuggum í fimmtán ár á Hvolsvelli þegar börnin voru lítil, síðan fluttum við í Hafnarfjörð og Kópavog. Við eigum tvö uppkomin börn og fimm barnabörn. Hafþór vinnur við handverksfyrirtækið okkar, Hnyðju, og ég er skrifstofustjóri við heilsugæslustöð í Hafnarfirði," segir Brynja, einstaklega ánægð með þá ákvörðun þeirra að flytja í sveitina.

Í sveitinni í faðmi fjölskyldunnar líður Brynju og Hafþóri best. Hér er hluti af fjölskyldunni samankominn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Hér gerast hlutirnir. Handverk Hafþórs er hrein nostalgía og gleður augað.

Gróðurhúsið í Móbergi heitir Sunnuhvoll, því það er byggt úr gömlum gluggum sem verið var að rífa og henda úr húsi sem heitir Sunnuhvoll.

Ræktun og sjálfbærni á hug þeirra allan og eru þau iðin við ræktunina.

Móberg er reisulegt og fallegt hús sem nærir bæði auga og sál.

Einfölduðu líf sitt

„Við keyptum þetta land 2012 og byrjuðum strax að rækta tré og kartöflur, síðar grænmeti. Síðan byggðum við húsið hægt og rólega árin 2014 til 2016. Það var lærdómsríkt að teikna og byggja þetta hús, miklar bollalengingar um hvað við þyrftum mikið pláss og hvað væri óþarfi. Við fengum svo fagmenn til að klára teikningar, að sjálfsögðu," segir Brynja.

Innt eftir tilurð nafngiftar hússins er því fljótsvarað.

„Í landinu er mosi, móar og berg, svo úr varð nafnið Móberg."

Hvað kom til að þið ákváðuð að flytja alfarið í sumarhúsið?

„Það gerðist bara þannig að við vorum farin að vera hér æ fleiri daga því hér líður okkur best. Við vorum í raun ekki sátt við flækjurnar sem fólk kemur sér í með tækni og þanskipulagi. Okkur fannst við þurfa að einfalda lífið og losa okkur við óþarfa dót og tilbúnar þarfir. En auðvitað er þetta bara það sem hentar okkur, það verður hver að finna sitt," segir Brynja.

„Við hjónin höfum lengi verið á þeirri skoðun að við nútímafólkið séum búin að flækja líf okkar óþarflega mikið. Við höfum markvisst spáð og rökrætt um hvað við getum gert til að einfalda lífið og hvað það sé sem veitir okkur ánægju og lífsfyllingu, hvað sé þarft og hvað óþarft. Óneitanlega finnst okkur að fólk láti auglýsingar, samfélagsmiðla og snjalltæki stjórna sér of mikið, en því fylgir góð tilfinning að losa sig við hluti."

Hjónin reyna að koma öllu í áframhaldandi notkun fyrir aðra.

„Við höfum reynt að gera svæðið hér að okkar og hafa í kringum okkur eingöngu hluti sem gefa okkur ánægju og gleði. Við reynum að vinna með náttúrunni, nýta hana og næra og við erum alltaf að læra eitthvað nýtt. Þetta hentar okkur vel og er fylling í okkar líf."

Mikill munur á hinu daglega lífi

Þau Brynja og Hafþór segjast finna mikinn mun á daglegu lífi eftir að þau fluttu í sveitina.

„Það er ekki annað hægt. Betri tengsl við náttúruna, meiri útivera og betri nýting á tíma," segir Hafþór.

Náttúran í kring heilli alla daga. „Hér er fullt af skemmtilegum verkefnum til að dunda sér við og okkur leiðist aldrei."

Brynja og Hafþór eru dugleg að rækta sjálf og hefur Brynja aldrei verið jafn iðin við að töfra fram góðgæti úr eldhúsinu.

„Það er bara þannig að í þessu eldhúsi þar sem útsýnið er svo fallegt er ekki hægt annað en skapa eitthvað. Ég hef alltaf haft gaman af matargerð og bakstri en núna hef ég verið að grúska í gömlum matarheftum, mig langar að gera meira frá grunni og að sjálfsögðu nýta náttúruna betur. Við ræktum grænmeti og kartöflur og erum með reykhús þar sem við reykjum langreykt lambalæri fyrir jólin."

Nostalgía í barnaleikföngum

Fjölskyldan rekur handverkssmíðaverkstæðið Hnyðju, þar sem handverk Hafþórs fær að blómstra og fleiri geta notið þess. Langvinsælust eru leikföngin, sannkölluð nostalgía frá gamla tímanum; dúkkuvagnar, dúkkuvöggur og vörubílar en einnig njóta bretti, áhöld til matargerðar og margt fleira vinsælda. „Allir hlutir eru hannaðir og smíðaðir af Hafþóri, ég legg til frágang og sé um sölu og bókhald. Allt er þetta handsmíðað, einn hlutur í einu af fagmanni með fullkomnunaráráttu, hann lætur ekkert frá sér sem hann er ekki sáttur við, og ég segi að hver hlutur sé gerður af ástríðu fyrir efninu."

Uppáhaldspítsan úr ofninum

Pítsuofninn hans Hafþórs er mikil listasmíði og nýtur mikilla vinsælda. „Hann er mikið notaður, eiginlega meira en ég gerði ráð fyrir í upphafi. Oftast til pítsugerðar, en ég hef líka bakað í honum brauð og stefni á fleiri matartilraunir í honum," segir Brynja sem veit fátt skemmtilegra en að baka pítsur með barnabörnunum sem elska að koma til ömmu og afa í sveitina að njóta.

Hvernig er uppáhaldspítsan?

„Með hvítlauksolíu, perum, gráðaosti, rjómaosti, kasjúhnetum, klettakáli og sultu!" ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf.

Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílablaðið

7. SEPTEMBER 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Langdrægur gæðingur frá Ford

Margir hafa beðið eftir Mustang Mach-E rafbílnum frá Ford á göturnar en sala á honum hófst í Brimborg í sumar. Bíllinn er rúmgóður og aflmikill með sportlega eiginleika eins og blaðamaður Bílablaðs Fréttablaðsins fékk að reyna í 400 kílómetra reynsluakstri. 6

Mercedes frumsýndi tilraunaútgáfu EQG í München sem er rafdrifinn jeppi á stigagrind með lággír fyrir torfærur. 5

Nýjasta afurð tæknideildar BMW er i Vision Circular sem er innsýn merkisins í hvernig borgarbíllinn gæti litið út árið 2040. 5

Renault Megane kemur nú í sinni fimmtu kynslóð sem rafdrifinn blendingsbíll undir nafninu E-Tech Electric en hann kemur á markað á næsta ári. 2



IAA-bílasýningin í München

njall@frettabladid.is

Dagana 7.-12. september mun bílasýningin í München standa yfir fyrir almenning en sýningin var opnuð fyrir blaðamönnum í gær, mánudag. Stór hluti af efni blaðsins er því frá þessari sýningu sem ætlað er að veita innsýn í samgöngur framtíðarinnar í Evrópu. Framleiðendur keppast þar við að kynna tæknínýjungar sínar en sýningin er fyrsta stóra bílasýningin í Evrópu frá því að kórónaveirufaraldurinn setti allar slíkar sýningar í biðstöðu. ■

Renault Megane E-tech Electric er aðeins hærri en fjórða kynslóðin sem gefur honum meira blendingsútlit.

Fimmta kynslóð Renault Megane sýnd sem rafbíllinn E-Tech

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Með nýjustu útgáfu Renault Megane færist bíllinn yfir í rafdrifinn blendingsbíl með jepplingseiginleika.

Renault notaði bílasýninguna í München til að frumsýna fimmtu kynslóð Megane-fjölskyldubílsins. Bíllinn hefur viðskeytið E-Tech Electric og er um bíl með blendingsútlit að ræða, sem er nokkurs konar blanda útlits fólksbíls og jepplings. Er bílnum ætlað að höggva skarð í sölu Nissan Leaf og VW ID.3.

Um mikilvægan bíl er að ræða fyrir merkið en hann mun fara í sölu í febrúar á næsta ári. Bíllinn er byggður á annarri kynslóð CMF-EV undirvagnsins og verður með annað hvort 40 eða 60 kWst rafhlöðum. Búast má við 300-470 km drægi að sögn Renault og 130 kW hraðhleðsla tryggir hleðslu í 80% á hálftíma.

Þrátt fyrir að undirvagninn bjóði upp á fjórhjóladrif verður nýr Megane aðeins með framhjóladrifi. Tvær gerðir rafmótora verða fáanlegar, sá minni 128 hestöfl með 250 Nm togi en sá stærri 215 hestöfl og 300 Nm tog. Öflugri bíllinn verður með hröðun í 100 km á 7,4 sekúndum og hámarkshraðinn verður 160 km á klst. Sá bíll mun geta dregið allt að 900 kg.

Nýtt OpenR Link upplýsingakefi byggir á Android Automotive.

Að sögn Renault er nýi bíllinn 80-100 kílóum léttari en samkeppnisaðilarnir en hann verður 1.624 kíló með stærri rafhlöðunni. Næst það með meiri notkun áls í yfirbyggingunni og léttari rafmótorum en áður. Rafhlaðan sjálf er aðeins 110 mm á þykkt sem er sú þynnsta í vatnskældum rafhlöðum í dag.

Bíllinn kemur loks með nýju upplýsingakerfi sem kallast OpenR Link og samanstendur af 12,3 tommu mælaborðsskjá og 12 tommu láréttum upplýsingaskjá í miðjustokki. Keyrir kerfið á Android Automotive og notar Google Maps sem leiðsögukerfi. Kerfið leyfir einnig notkun á Apple CarPlay og fleiri smáforritum. ■

Fyrsta eintak Ionic 5 er nýkomið í sýningarsal Hyundai á Íslandi.

Hyundai-merkið rafvæðist frá 2035

njall@frettabladid.is

Samkvæmt yfirlýsingu frá Hyundai á bílasýningunni í München í gær, mánudag, mun framleiðandinn hætta sölu bíla með brunahreyflum í Evrópu frá 2035. Yfirlýst stefna fyrirtækisins er einnig að vera kolefnishlutlaust fyrir árið 2045.

Árið 2030 áætlar merkið að 30% af sölu þeirra verði rafdrifnir bílar og hlutfallið fari í 80% fyrir árið 2040. Hyundai setti nýlega Ionic 5-rafbílinn á markað en við þetta tækifæri var tilkynnt um tilvist Ionic 6 sem keppa mun við Tesla Model 3. Er hans að vænta strax á næsta ári. Árið 2024 mun Ionic 7, sem er sjö sæta jepplingur, koma á markað.

Hyundai segir einnig að fyrirtækið muni áfram fjárfesta í vetnistækninni, bæði í bílum knúnum efnarafölum og einnig grænni tækni til að vinna vetni. Næsti vetnisknúni bíll Hyundai verður stór jepplingur sem frumsýndur verður 2025. ■

Kynningin á bílnum fór fram í Brussel og voru báðar útgáfur hans prófaðar.

Fjórhjóladrifinn Yaris fyrir áramót

njall@frettalbadid.is

Toyota er um þessar mundir að kynna nýjan Yaris Cross fyrir Evrópumarkað. Um nýja gerð Yaris er að ræða sem er orðinn nokkurs konar lína hjá Toyota með Yaris Cross og Yaris GR sportútgáfunni ásamt hinum hefðbundna Yaris. Yaris Cross er svipaður að stærð og Hyundai Kona til að mynda en Yaris Cross verður boðinn í tvinnútgáfu með 1,5 lítra, þriggja strokka bensínvél. Með rafmótornum mun bíllinn skila 114 hestöflum með 120 Nm togi. Að sögn Páls Þorsteinssonar hjá Toyota er vonast til að bíllinn komi til landsins eitthvað fyrir áramót og þá einnig í fjórhjóladrifinni útgáfu.

„Við áætlum að allt að 80% af sölu bílsins verði í fjórhjóladrifsbílnum,“ sagði Páll. Fréttablaðið prófaði bílinn í Belgíu á dögunum og verður fjallað um bílinn í næsta bílablaði. ■

Fagnaðu hausti

ID.4 GTX

Fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX
að þínum óskum og pantað
draumabílinn á **www.hekla.is/gtx**

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS 2021

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

Fjórhjóladrifinn ID.4 GTX

Nýr ID.4 GTX er fullvaxinn, fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann er sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20″ álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lyklalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Komdu í reynsluakstur!**

Verð frá **7.150.000** kr.

WORLD CAR AWARDS

Leiðin að núllinu ZERO

Fylgdu okkur! @volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Útlit ID Life er meira kassalaga en annarra ID-bíla og líklegt að ID.2 muni sækja útlit sitt í þennan bíl þegar hann kemur fyrir almenningssjónir.

Volkswagen frumsýnir ID Life-tilraunabílinn

Nýr tilraunabíll frá VW gefur innsýn í hvernig ID.2-smábíllinn lítur út en hann mun koma á markað árið 2025.

njall@frettabladid.is

Þessi nýi tilraunabíll er fyrsti bíll merkisins sem byggður er á MEB Entry undirvagninum en hann verður einnig undir bílum frá Cupra og Seat. Hjólhaf ID Life er 2.650 mm en ólíkt ID.3 er hann með framdrifi. Rafmótorinn er 231 hestafl sem dugar honum til að komast í hundraðið á undir sjö sekúndum. Bíllinn er meira kassalaga en önnur ID-módel þó að vissulega sé margt kunnuglegt.

Eins og oft í tilraunabílum er athyglisvert að skoða bílinn að innan en þar er mjög einfalt mælaborð svo ekki sé meira sagt. Mælaborðið sjálft er aðeins framrúðuskjár og flestir stjórnhnappar eru í stýrinu. Upplýsingaskjárinn er í raun og veru símí ökumannsins og er festur með segli í mælaborðið.

Mikil áhersla er lögð á endurvinnanleg efni, sérstaklega í innréttingu. Að sögn forstjóra Volkswagen, Ralf Brandstatter, var dagskipunin til hönnunardeildarinnar að frumsýna framtíð borgarbílsins, líkt og BMW gerði með i Vision-tilraunabílnum. „ID Life sýnir hversu einstakur grunnur MEB er, en það er sá undirvagn sem við getum mest unnið með og breytt. Hann er grunnurinn fyrir því að við getum farið að bjóða rafbíla undir 20.000 evrum fyrir árið 2025," sagði Brandstatter einnig. ■

Innréttingin er einföld og stjórnhnappar aðeins í stýri og mælaborðið framrúðuskjár eingöngu.

Útlitslega minnir Jogger mest á langbak en með aðeins meiri veghæð.

Sjö sæta Dacia frumsýnd

njall@frettabladid.is

Þó að sumir hafi sagt að fjölnotabíllinn sé að verða útdauður eru ekki allir bílaframleiðendur sammála því. Dacia frumsýndi fyrir helgi nýjan sjö sæta fjölnotabíl sem kallast Jogger. Um leið er þetta fyrsti tvinnbíll merkisins en segja má að bíllinn sé nokkurs konar blanda langbaks, jepplings og fjölnotabíls.

Í Bretlandi mun bíllinn byrja í rúmum 2,6 milljónum króna sem er ekki mikið verð fyrir sjö sæta bíl, en þar hefst sala á honum í nóvember. Hann mun hafa jepplingseiginleika að því leyti að það er hátt undir hann, eða 200 mm, en ekki verður fjórhjóladrif í boði eins og er. Bíllinn er 4.500 mm að lengd og hjólhafið 2.900 mm sem er vel í lagt. Þannig verður farangursrýmið 213 lítrar með öll sjö sætin á sínum stað en fer í 712 lítra með fimm sæti uppi. Eina vélin sem verður í boði frá frumsýningu er eins lítra, þriggja strokka vél með forþjöppu svo Jogger verður engin kraftakerra en hún skilar 108 hestöflum og 200 Nm togi. Hins vegar er von á tvinnútgáfu strax árið 2023 en þar verður rafmótor settur við 1,6 lítra bensínvél eins og í Renault Clio. ■

Með öll sjö sæti á sínum stað er samt pláss fyrir 213 lítra af farangri.

Útlínur EQE rafbílsins minna einna helst á CLS bílinn en hjólhafið er vel yfir þrjá metra.

Mercedes-Benz frumsýnir EQE-rafbílinn í München

Næsti rafdrifni bíll Mercedes-Benz verður EQE-fólksbíllinn sem keppa á við Tesla Model S. Hann verður með 90 kWst rafhlöðu og mun hafa allt að 660 kílómetra drægi.

njall@frettabladid.is

Nýjasta afurð Mercedes og annar bíll merkisins til að vera byggður á nýjum EVA2-undirvagni er EQE, en hann byggir á sama grunni og EQS. Þótt hann hafi Tesla Model S í krosshárunum er hann þó ekki síður að keppa við væntanlega bíla eins og rafdrifna BMW 5-línu og Audi A6 e-tron sem eru handan við hornið. Um lengri bíl er að ræða en núverandi E-línu en hjólhafið er hvorki meira né minna en 3.120 mm. Í raun og veru líkist hann meira núverandi CLS heldur en E-línu vegna þess. Margt í bílnum minnir á EQS eins og framendi með svörtu grilli. Ekki er hægt að opna húddið nema af bifvélavirkjum Mercedes en hægt er að opna flipa til að komast að rúðupissinu. Afturendinn er sléttur og aðeins vottar fyrir vindskeið en afturljósin ná enda á milli.

Sama fjórhjólastýring og í EQS verður í boði ásamt tölvustýrðri vökvafjöðrun sem aukabúnaði.

Hægt verður að panta bílinn með MBUX-ofurskjánum sem aukabúnaði.

» Sama fjórhjólastýring verður í boði og í EQS ásamt tölvustýrðri vökvafjöðrun sem aukabúnaði.

Fyrsta útgáfa bílsins verður EQE 350 sem verður með 90 kWst rafhlöðu og afturdrifi. Rafmótorinn verður 288 hestöfl og með 530 Nm togi. Mercedes segir að vænta megi 4Matic-útgáfu. Hægt verður að hlaða bílinn á allt að 170 kW hleðslustöð svo að hann nái fullri hleðslu á 32 mínútum. Sala á bílnum hefst um mitt næsta sumar en ekkert verð hefur verið birt ennþá. ■

Stærri Smart á markað árið 2023

njall@frettabladid.is

Meðal frumsýninga á bílasýningunni í München er tilraunaútgáfa rafdrifins Smart-jepplings sem áætlað er að fari á markað eftir tvö ár. Um samstarfsverkefni Mercedes og kínverska framleiðandans Geely er að ræða og verður þetta fyrsti bíll hins endurhannaða merkis. Bíllinn heitir einfaldlega Concept #1 og er mun stærri en þeir Smart-bílar sem við höfum átt að venjast hingað til. Bíllinn er 4.290 mm langur og hjólhafið 2.750 mm. Hann er hærri en margur smájepplingurinn eða 1.698 mm.

Þótt tilraunaútgáfan sé fjögurra sæta verður framleiðslubíllinn fyrir fimm farþega. Búast má við að bíllinn noti SEA-undirvagninn sem einnig fer undir aðra kínverska Geeli-rafbíla ásamt næsta Volvo 40-fólksbíl. Búast má við rafhlöðum frá 58 til 100 kWst en í jepplingnum verður rafhlaðan í kringum 70 kWst. Búast má við afturdrifi eingöngu með aflið kringum 250 hestöfl en einnig er möguleiki á fjórhjóladrifsútgáfu. ■

Tilraunaútgáfan er ekki með B-bita en óvíst er hvort það nái í framleiðslu.

» Rafhlaðan í Concept #1 verður 70 kWst og hestöflin 250.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

36. TBL. 7. SEPTEMBER 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson, Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari, 896 5222
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356
Hildur Harðardóttir, Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð, 897 1339
Snorri Snorrason, Löggiltur Fasteignasali, 895 2115
Embla Valberg, Löggiltur fasteignasali. Skrifstofustjóri. embla@valholl.is, 588 4477



Hrafnhildur B. Baldursdóttir, Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði, 862 1110
Pétur SteinarJóhannsson, Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi, 893 4718
Anna F. Gunnarsdóttir, Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stilisti, 892 8778
Sturla Pétursson, Löggiltur Fasteignasali, 899 9083
Rakel Árnadóttir, Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill, 895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Ljósamýri 3 er fágætt tækifæri til að eignast reisulegt og vel viðhaldið einbýlishús í Garðabæ. MYNDIR/AÐSENDAR

Fagurt heimili og veisluhús

Heimili fasteignasala kynnir glæsilegt einbýlishús á besta stað í Garðabæ, hannað af Kjartani Sveinssyni.

Ljósamýri 3 er tvær hæðir og kjallari. Húsið hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldu og ber augljós merki um góða umgengni, smekkvísi og natni. Það stendur við opið grænt svæði í botnlanga og er 402,9 fermetrar auk óskráðs geymslurýmis.

Komið er inn í flísalagða rúmgóða forstofu með góðum skápum. Inn af forstofunni er gestasnyrting og gott forstofuherbergi. Úr forstofunni er gengið inn í fallegt, bjart og rúmgott hol með vönduðum stigum á milli hæða. Á hæðinni er björt og rúmgóð stofa og borðstofa, og gengið niður tvö þrep í arinstofu með arni sem var hannaður og hlaðinn af Loga Eldon. Parket er á gólfum og úr arinstofu útgengt á sólríkan pall.

Eldhúsið er með ljósri innréttingu, parketi og góðum borðkrók. Inn af því er þvottahús sem nýtist líka sem búr, með nýlegri innréttingu, dúk á gólfi og hurð út.

Á efri hæð er hlýlegt og bjart sjónvarpsrými, mikil lofthæð, stórir gluggar og falleg súð. Hjónaherbergið er stórt, með svölum og fataherbergi með renniskápum. Í báðum barnaherbergjum eru svefnloft sem skapa hlýlega stemningu og eykur gólfpláss. Parket á öllum gólfum nema í baðherberginu sem er flísalagt í hólf og gólf, með baðkari og sturtu, glugga og innréttingu.

Á annarri hæð hússins er hátt til lofts, stórir gluggar og falleg súð.

» Ljósamýri 3 hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldu og ber glöggt vitni um góða umgengni, smekkvísi og natni. Húsið er einstaklega hlýlegt og vandað, og með ýmsa möguleika til að laga enn frekar að þörfum nýrra eigenda.

Í kjallara er sérinngangur, forstofa, hol, stórt herbergi, baðherbergi og tvær geymslur. Tvöfaldur bílskúr og góðar geymslur.

Aðkoma að Ljósumýri 3 er glæsileg; hellulagður gangstígur, tröppur og bílastæði með snjóbræðslukerfi. Stórar suðursvalir eru á efri hæð, góður pallur og sólríkur, vel hirtur garður. Þetta er einstaklega vandað og hlýlegt hús sem býður upp á ýmsa möguleika til að laga enn frekar að þörfum nýrra eigenda. Fallegt heimili og sannkallað veisluhús. Fágætt tækifæri til að eignast reisulegt og vel viðhaldið hús í Garðabæ. ■

Bóka má einkaskoðun hjá Ragnari Þorgeirssyni, löggiltum fasteignasala, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar í síma 774 7373 og á netfanginu: ragnar@heimili.is

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2018

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur – 2ja herbergja íbúð.

Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.

Ein íbúð er eftir í Hallgerðargötu 9.
2ja herbergja 68,7 fermetra íbúð á 4.hæð.

Verð 53,5 millj.

- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Spítalastígur 10 – Heil húseign.

- Mikið endurnýjuð heil húseign með þremur íbúðum auk byggingarréttar að einni íbúð ofan á húsið á horni Spítalastígs og Óðinstorgs.
- Byggingarrétturinn sem fylgir eigninni er að einni hæð og risi ofan á húsið úr álíka efnum, útliti og frágangi og núverandi hús.
- Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara, byggt árið 1910. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 20 árum síðan, m.a. skipt um allt gler og glugga, bárustál að utan að hluta, allar lagnir o.fl.
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir eigninni. Óðinsgata, Óðinstorg og hluti Spítalastígs eru öll endurnýjuð með hitalögnum undir götum og gangstéttum.

Fagranes í Hörgárbyggð

TIL SÖLU

Til sölu er lögbýlið Fagranes í Hörgárbyggð sem stendur beint á móti Hrauni í Öxnadal og frá jörðinni nýtur einstaks útsýnis yfir þá náttúruperlu. 1200 hektara jörð sem að stórum hluta er á fjalli. Jörðin er skráð sem lögbýli og byggja má þrjú hús á henni skv. upplýsingum frá byggingarfulltrúa á svæðinu þrátt fyrir að ekkert deiliskipulag liggi fyrir á svæðinu. Þetta er heimilt þar sem jörðin er skráð sem lögbýli. Samningur er um skógrækt á jörðinni við Skógræktina. Jörðinni fylgir veiðiréttur í Hörgá sem felst í nokkrum bændadögum. Ágæt rjúpna- og gæsaveiði er á jörðinni. Ekkert deiliskipulag liggur fyrir á jörðinni og ekki er komið rafmagn eða rennandi vatn að henni. Þó eru lækir í fjallinu sem nýta mætti bæði sem neysluvatn og til minni virkjunar.

Glæsileg íbúð í Listhúsinu við Engjateig.

- Óvenjulega glæsileg íbúð í Listhúsinu við Engjateig við Laugardalinn í Reykjavík.
- Um er að ræða 212,6 fermetra, 6 herbergja, endaíbúð á tveimur hæðum með gluggum í þrjár áttir, sérinngangi, mjög stórum þakgluggum og yfirbyggðum, opnanlegum suðursvölum.
- Íbúðir af þessu tagi eru mjög sjaldgæfar í Reykjavík, en íbúðin er í anda loft-íbúða í stórborgum erlendis.
- Hið innra var eignin sérstaklega hönnuð og skipulögð af Steve Christer, arkitekt hjá Studio Granda, fyrir fáeinum árum síðan og í henni er mjög mikil lofthæð á báðum hæðum eða allt að 4,5 metrar.

Verð 136,5 millj.

Skeifan 6 – Til leigu

- Til leigu nýstandsett um 220 fermetra skrifstofuhúsnæði auk um 300 fermetra lagerhúsnæðis þar sem innangengt er á milli á jarðhæð hússins nr. 6 við Skeifuna í Reykjavík en í húsinu eru einnig verslunin EPAL og Everest.
- Góðir gluggar eru til suðurs og austurs á skrifstofuhúsnæðinu og góðar innkeyrsludyr og aðkoma bakatil fyrir lagerhúsnæðið.
- Inngangur að framanverðu er sameiginlegur um stigahús sem nýtt er af tveimur öðrum fyrirtækjum í húsinu en einnig er hægt að hafa sérinngang bakatil.

Bæjargil – Garðabæ

- Glæsilegt og vel skipulagt 221,6 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á 495,0 fermetra gróinni og skjólsælli lóð í grónu hverfi við Bæjargil í Garðabæ.
- Eldhúsinnrétting og tæki eru ný og baðherbergi á efri hæð hússins er nýlega endurnýjað. Skipt hefur verið um hitaveituofna að stórum hlut og efri hæð hússins er nýmáluð.
- 5 svefnherbergi eru í húsinu og mögulegt væri að hafa þau 6 alls. Samliggjandi stofur, mjög rúmgóðar og bjartar með gluggum í þrjár áttir.
- Húsið er einangrað að utan og allt nýlega málað nema þakjárn. Ný hellulögð innkeyrsla með hitalögnum undir og ný hellulögð stétt fyrir framan húsið. Stór afgirt viðarverönd til suðurs og vesturs og stór tyrfð baklóð.

Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.

- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

Verð 129,5 millj.

Laugavegur 51- verslunarhúsnæði



- 99,7 fm. verslunarhúsnæði við Laugaveg auk 103,9 fm. kjallara sem bæði er innangengt í og er líka bæði með innkeyrsludyrum af baklóð og göngudyrum.
- Húsnæðið er með mjög stórum gluggum út að Laugaveginum.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir eignarhlutanum.
- Mögulegt væri að skipta húsnæðinu upp í tvo eignarhluta, kjallara og hæð og leigja út í sitthvoru lagi. Þetta er húsnæði sem getur hentað mjög vel undir verslun, veitingahús, skrifstofur o.fl.

FOLD FASTEIGNASALA

Traust og rótgróin fasteignasala

Sími 552 1400 fold.is

Viðar Böðvarsson
Eigandi og framkvæmdastjóri
Viðskiptaf. og lg.f.
vidar@fold.is
S: 694 1401

Anna Ólafía Guðnadóttir
Eigandi
BA í bókmenntafræði
og íslensku
anna@fold.is

Einar Marteinsson
Löggiltur fasteignasali
einarm@fold.is
S: 893 9132

Gústaf Adolf Björnsson
Löggiltur fasteignasali
og íþróttafræðingur
gustaf@fold.is
S: 895 7205

Rakel Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
og viðskiptalögfræðingur
rakel@fold.is

Hlynur Ragnarsson
Sölumaður og
löggildingarnemi.
hlynur@fold.is
S: 624 8080

Hrólfsskálamelur 6, 170 Seltjarnarnes
2JA HERBERGJA M/BÍLGEYMSLU.

Ca. 93,3 fm. glæsileg íbúð í vönduðu húsi við Hrólfsskálamel. Íbúðin mælist um 82 fm. og geymslan rúmlega 11 fm. Rúmgott svefnherbergi. Eldhús með glæsilegri innréttingu og vel búið tækjum. Stór stofa, útgengt á suðaustursvalir, baðherbergi og þvottaherbergi inn af því. Eignin fæst einungis í skiptum fyrir stærri íbúð eða sérbýli á Seltjarnarnesi. **Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

Hálsasel 22, 109 Reykjavík
ENDARAÐHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM + INNB BÍLSK.

Mikið endurnýjað og vel skipulagt endaraðhús á frábærum, skjólgóðum stað í Seljahverfi. Á efri hæð er forstofuherbergi, gestasnyrting, eldhús og stofur með útgengi á suðursvalir. Á neðri hæð er baðherbergi, fjögur svefnherbergi, þvottahús og fataherbergi. Útgengt á hellulagða verönd. **Verð 86,9 millj. Vinsamlegast bókið skoðun á fold@fold.is / gustaf@fold.is / 895-7205.**

Melabraut 3, 170 Seltjarnarnesi
NEÐRI SÉRHÆÐ Í 2-BÝLI.

Melabraut 3, rúmlega 103 fm. neðri sérhæð m/sérinngangi og verönd. Íbúðin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbegri og eitt minna herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Þvottaaðstaða og geymsla á hæðinni. Óskráður vinnuskúr með rafmagni er á lóðinni. Bílskúrsplata fylgir. Eignin þarfnast lagfæringar.
Verð 49,9 millj.
Velkomið að panta tíma fyrir skoðun, fold@fold.is / 552-1400.

Kleppsvegur 40
3JA-4RA Á 2.H. Í GÓÐRI BLOKK

Ca. 99 fm. vel skipulögð og björt íbúð á annari hæð í goðu fjölbýlishúsi við Kleppsveg. Húsið virðist í góðu viðhaldi. Kjörið tækifæri til að endurnýja íbúð á frábærum stað í Laugarnesinu, þaðan sem stutt er í alla þjónustu og útivistarsvæði. Íbúðin er laus. **Verð 45,9 millj.**

Kleppsvegur 62, 104 Rvk
3JA HERBERGJA Á 5.HÆÐ FYRIR ELDRI BORGARA.

Góð þriggja herb. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi, með frábæru útsýni fyrir 60 ára og eldri. Laus við kaupsamning. Íbúðin er 98,2 fm. og skiptist í forstofu/hol, opna og rúmgóða stofu, eldhús með borðstofu, tvö herb., baðh., þvottahús og sér geymslu í sameign. Yfirbyggðar svalir. Eigninni fylglir hlutdeild í vel viðhaldinni sameign sem er meðal annars með veislusal. Göngufæri – stígur er að Hrafnistu og þeirri þjónustu sem þar er í boði. **Verð 64,9 millj. Sýnum samdægurs**

Dynjandisvegur 21
SUMARHÚS Í BLÁSKÓGABYGGÐ.

Mjög gott og vel byggt, rúmlega 70 fm sumarhús, byggt af Borgarhúsum 2008. Til viðbótar er geymsluhús á lóðinni. Parket og flísar á gólfum. Hitaveita. Gólfhiti. Heitur pottur. Stór verönd. Símahlið. Tvö svefnherbergi ásamt stofu og eldhúsi í sama rými. Glæsileg lóð með miklum gróðri. Leigulóð 4200 fm.
Verð 37,5 millj.
Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf, gustaf@fold.is / 895-7205.

Hallkelshólar, 801 Selfoss
TVEIR BÚSTAÐIR Á 5 HEKTARA EIGNARLANDI.

60 fm sumarhús ásamt 40 fm gestahúsi á 5,3 hektara eignarlandi til sölu. Fimm svefnherbergi samtals. Um er að ræða sannkallaðan sælureit. Lóðin er skógi vaxin með fallegum lundi og skemmtilegri útivistaraðstöðu. Rafmagnskynding í báðum húsum. Stutt í margvíslega þjónustu og afþreyingu. **Velkomið að vera í sambandi og fá tíma fyrir skoðun: fold@fold.is / 552-1400.**

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- húseign með nokkrum íbúðum.
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Sumarhúsin seljast á Fold

Mikil eftirspurn er eftir sumarhúsum.

Áratuga reynsla í sölu sumarhúsa.

Erum að skoða eignir á vestur og suðurlandi án kostnaðar eða skilyrða.

Hafið samband.

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og **Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
Elín Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 899 3090
Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
Ómar Hvanndal hdl. & aðst. fasteignas Sími: 832 3200
Barbara R. Bergþórs lögg. fasteignasali Sími: 823 0339
Jason Kr. Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1615
Íris Arna Geirsdóttir aðst. fasteignasala Sími: 770 0500
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skapta lögg. fasteignasali Sími: 868 4508
Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
Axel Axelsson lögg. fasteignasali Sími: 778 7272
Óskar H. Bjarnasen lögg. fasteignasali Sími: 691 1931
Kjartan Í. Guðmunds lögg. fasteignasali Sími: 663 4392
Þórhallur Biering lögg. fasteignasali Sími: 896 6232
Friðrik Þ. Stefáns hdl. & aðst. fasteignas Sími: 616 1313
Friðjón Ö. Magnúss. lögg. fasteignasali Sími: 692 2704
Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala Sími: 691 2312
Ingi Þór Ingólfsson lögg. fasteignasali Sími: 698 4450
Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali Sími: 893 9929
Ragnheiður Pétursdóttir hdl. og löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
þriðjudaginn 7. sept.
milli kl. 17.00 - 17.30

Kaldasel 9
109 Reykjavík

Glæsilegt einbýlishús
328 fm á þremur hæðum

- Teiknað af Kjartani Sveinssyni.
- 6 svefnherbergi
- Þrjú baðherbergi
- Stór gróin lóð, með sólpöllum
- Bílskúr 28 fm

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Verð: **127,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Óskari í síma **691 2312**

Pálsbúð 22
801 Þorlákshöfn

186 fm einbýli í byggingu

- 4 Svefnherbergi
- Bílskúr með geymslu
- Miðað við byggingarstig 4 fokhelt

Verð: **54,9 millj.**

- Miðað við byggingarstig 5 tilbúið til innréttinga

Verð: **63,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimarsson lögg. fasteignasali

Perlukór 8
203 Kópavogur

Glæsilegt 290 fm einbýli
á tveimur hæðum
á góðum útsýnisstað

- Húsið sem er teiknað af Kurt og Pí arkitektum hefur verið tilnefnt til alþjóðlegra hönnunarverðlauna.
- Neðri hæð skiptist í anddyri, gestasalerni, stofu/borðstofu, eldhús og bílskúr.
- Efri hæð skiptist í sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús.

Verð: **175 millj.**

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is





NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma **899 5856**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000

Með þér alla leið

miklaborg.is

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 7. september kl. 18.30 - 19.00

Holtsvegur 29

210 Garðabær

Glæsileg og björt 5 herb. 154 fm íbúð í nýlegu 9 íbúða fjölbýli með lyftu

- Þrjú til fjögur rúmgóð svefnherbergi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Aukin lofthæð
- Tvennar svalir + þaksvalir
- Stæði í bílageymslu

Verð: **78,9 millj.**

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 7. september kl. 17.00 - 17.30

Miðhús 40

112 Reykjavík

Fallegt og vel skipulagt 236 fm einbýlishús með aukaíbúð á neðri hæð

- Fimm svefnherbergi og þrjú baðherbergi
- Eignin er í heildina um 270 fm með óskráðum fermetrum
- Falleg eign sem býður upp á mikla möguleika

Verð: **139,9 millj.**

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN hjá Gunnari í síma 899 5856

Hellusund 6A

101 Reykjavík

188 fm einbýli, bakhús í Þingholtunum

- Einbýlishús skráð 188 fm auk óskráðrar viðbyggingar.
- Húsið sem til niðurrifs stendur á 352 fm eignarlóð.
- Áhugasömum aðilum er bent á að kynna sér hvaða heimildir gætu verið til framkvæmda á lóðinni.

Verð: **Tilboð**

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | miðvikudaginn 8. september kl. 16.00 - 16.30

Mánatún 15

105 Reykjavík - íbúð 610

Glæsileg 127,3 fm íbúð á 6. hæð

- 3 herbergja
- Tvö svefnherbergi
- Svalalokun á vestursvölum sem eru rúmgóðar með útsýni til sjávar og víðar
- Stæði í bílageymslu

Verð: **89,5 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN í síma 775 1515 eða 770 0500

Hverafold 84

112 Reykjavík

183 fm einbýli á einni hæð í Grafarvoginum

- 3 svefnherbergi, möguleik á því fjórða
- Rúmgóð stofa, borðstofa og arinstofa
- Eldhúsið með borðkrók og innaf eldhúsi er þvottahús / geymsla.
- Fallegur garður
- Rúmgóður bílskúr
- Auðvelt að bæta við 4ja svefnherberginu

Verð: **105 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag þriðjudag 7. september kl. 17.30 - 18.00

Ferjuvað 13-15

110 Reykjavík

Glæsileg 2-3 herbergja 89 fm íbúð á efstu hæð

- Aukin lofthæð í íbúð
- Opið eldhús, björt stofa með útgengt á svalir
- Sér þvotthús innan íbúðar
- Lyfthús. Vinsælt hverfi
- Skólar er í göngufæri
- Laus við kaupsamning

Verð: **52,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN hjá Elínu í síma 899 3090

Fannafold 13

112 Reykjavík

Fallegt mikið endurnýjað og vel skipulagt 153,4 fm einbýlishús á einni hæð með bílskúr

- Skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, fjögur svefnherbergi, þvottahús og bílskúr
- Hús sem fengið hefur gott viðhald
- Vinsæl staðsetning þar sem stutt er í skóla, leikskóla og þjónustu.

Verð: **89,9 millj.**

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

OPIÐ HÚS | miðvikudaginn 8. september kl. 17.30 - 18.00

Dimmuhvarf 27

200 Kópavogur

Glæsilegt einbýli, 4 íbúðir ásamt bílskúr og hesthúsi

- Gott hesthús með gerði og 2 Íbúðum
- Mikil lofthæð og gólf síðir gluggar
- Allar íbúðirnar með sér-inngangi og glæsilega innréttaðar
- Frábær staðsetning

Verð: **188 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

PANTIÐ SKOÐUN hjá Þórunni í síma 773 6000

Hverfisgata 94

101 Reykjavík

Gott verslunarhúsnæði 432 fm í nýbyggingu á horni Hverfisgötu og Barónsstígs

- Sjálft verslunarrýmið er 417,9 fm auk 14,5 fm geymslu á fyrstu hæð.
- Skilast fullbúið að utan og tilbúið til innréttinga að innan.

Verð: **Tilboð**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | sunnudaginn 12. september kl. 13.00 - 14.30

Bjarkarbraut 3

801 Grímsnes

Glæsilegt 115 fm heilsárshús í Bjarkarborgum

- Auka 30 fm gestahús á fallegri gróðri vaxinni lóð
- Hjónasvíta með sér baðherb, gestaherbergi og svefnloft
- Stór pallur með nuddpotti
- Einstök eign í grennd við Minni Borg Grímsnesi

Verð: **69,5 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

Sigurður J.	Bergsveinn	Ólafur	Magnús	Helgi Már
	S: 863 5868	S: 824 6703	S: 861 0511	S: 897 7086

TIL SÖLU Ármúli 28-30

Til sölu heildareignin að Ármúla 28-30, 108 Reykjavík,
alls 2.752.3 m² auk sameignar.

Húsið er á 3 hæðum og er búið opnum vinnurýmum, lokuðum skrifstofum, fundarherbergjum, tæknirýmum og skjalageymslum.

Fullbúið framleiðslueldhús með matsal er á 1. hæð. ásamt móttökurými og snyrtingum.

Bakinngangur/ starfsmannainngangur er til staðar. Mögulega er hægt að breyta 1. hæðinni í verslunar- eða þjónustuhúsnæði þar sem yfir 3ja metra lofthæð er til staðar.

Kaffistofur með innréttingum og snyrtingar eru fyrir miðju á hverri hæð. Teppi og parket er á gólfum í skrifstofurýmunum. Kerfisloft og lýsing er í loftum ásamt kælibúnaði.

Hluti Ármúla 28 er í útleigu. Varaaflstöð er i bakhúsi og góðar ljósleiðaratengingar eru til staðar í húsinu.

Um 74 bílastæði eru við húsið. Húsnæðið er án virðisaukaskattskvaðar.

Nánari upplýsingar um eignirnar veitir Helgi Már Karlsson
löggiltur fasteignasali s. 897 7086 hmk@jofur.is

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Mosfellsbær og Reykjavík:
Árbær, Breiðholt, Fossvogur, Miðbær og Grafarvogur.

BÚSETI

ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.



SÉRMERKT BÍLASTÆÐI Í KJALLARA

45,2 ferm. · 1 herb. · 301 íbúð nr.

Búseturéttur: 6.368.511 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 149.548 kr.
Mögulegt lán: 3.184.256 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun des.

BEIMABRYGGJA 42 · 110 RVK.

NÝBYGGING

45,8 ferm. · 2ja herb. · 407 íbúð nr.

Búseturéttur: 6.201.732 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 141.720 kr.
Mögulegt lán: 3.100.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Lok sept.

ÞVERHOLT 17 · 105 RVK.



SVALIR ÚR ALRÝMI

47,9 ferm. · 1 herb. · 204 íbúð nr.

Búseturéttur: 6.520.552 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 148.831 kr.
Mögulegt lán: 3.260.276 kr.
Afhending að ósk seljanda: Okt./samk.lag.

FROSTAFOLD 20 · 112 RVK.

UPPGERÐ, MIKIÐ ÚTSÝNI

78,1 ferm. · 3ja herb. · 802 íbúð nr.

Búseturéttur: 4.522.350 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 178.399 kr.
Mögulegt lán: 1.400.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í október.

SKÓGARVEGUR 16 · 103 RVK.

RÚMGÓÐAR SVALIR

84,3 ferm. · 3ja herb. · 202 íbúð nr.

Búseturéttur: 9.847.088 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 224.552 kr.
Mögulegt lán: 4.923.544 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í október.

BERJARIMI 5 · 112 RVK.

ÍBÚÐ UPPGERÐ

93,1 ferm. · 4ra herb. · 301 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.433.750 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 197.916 kr.
Mögulegt lán: 1.400.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í október.

BOLLATANGI 20 · 270 MOS.

ENDARAÐHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM

127 ferm. · 5 herb. · **101** íbúð nr.

Búseturéttur: 8.639.400 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 253.803 kr.
Mögulegt lán: 2.500.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 1. október.

ÁRSKÓGAR 7 · 109 RVK.

BYGGT 2021 - SV SVALIR

67,6 ferm. · 2ja herb. · 412 íbúð nr.

Búseturéttur: 8.197.157 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 178.113 kr.
Mögulegt lán: 4.098.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.

BYGGT 2021 - SÉRAFNOTAREITUR

93,6 ferm. · 3ja herb. · 106 íbúð nr.

Búseturéttur: 10.197.157 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 230.868 kr.
Mögulegt lán: 5.309.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, skyldutryggingar, þjónustugjald, hússjóður og framlag í viðhaldssjóð.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjenda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri.

Ef ekki berst hámarkstilboð hefur seljandi rétt til að gera gagntilboð eða hafna tilboðinu.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til **15. sept.** kl. 16.
Rafræn úthlutun: 16. sept. kl. 12.

Umsækjendum er raðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:

Birt með fyrirvara um villur og breytingar

Festa miðstöð um samfélagsábyrgð

GRÆNNI BYGGÐ

HAFÐU SAMBAND

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.Is
Sími: 556 1000

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

Uppsláttarsmiðir

Óskað er eftir vönum uppsláttarsmiðum í uppmælingu, næg verkefni framundan.
Upplýsingar veitir Gunnar S: 693-7310
– gunnar@bygg.is

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG) hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi.
Hjá fyrirtækinu starfa nú um 160 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

LENGJU DEILDIN

ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

LENGJUDEILDARMÖRKIN

Mánudaga kl. 20.00

Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í leikjum Lengjudeildar Karla í knattspyrnu.

HRINGBRAUT

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA
– MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI –

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.*
Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir.
Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%

35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup



BMW i Vision Circular er hugmynd að framtíðarbíl sem er í sátt við náttúruna.

BMW horfir inn í framtíðina með i Vision Circular

Nýr tilraunabíll frá BMW kallast i Vision og er hugmynd merkisins um hvernig dæmigerður fjölskyldubíll muni líta út árið 2040. Er bíllinn allur búinn til úr endurunnum og endurvinnanlegur efnum.

njall@frettabladid.is

Bílasýningin í München er að mati BMW kjörinn staður til að sýna næsta hugmyndabíl sinn, enda er BMW þar á heimavelli. Þar kynnir merkið tilraunabílinn i Vision Circular sem er bíll sem gæti verið kominn í sölu árið 2040 að mati BMW. Um fimm dyra smábíl er að ræða sem er um fjórir metrar að lengd. Framendinn vekur strax athygli, með alveg nýrri hönnun fyrir BMW, sem hingað til hefur verið þekkt fyrir áberandi notkun nýrnagrillsins. Einnig er alveg ný hönnun að aftan ásamt glerþaki til að auka rýmisvitund farþeganna.

BMW leggur áherslu á að bíllinn er framleiddur úr endurunnum efnum sem öll eru endurvinnanleg aftur. Þess vegna er hönnun hans þannig að auðvelt er að taka hann í sundur þegar hann hefur lokið hlutverki sínu. Sem dæmi um

Eflaust er hugmyndin með kristalnum í miðju innréttingar tilvísun um hvernig BMW horfir gegnum kristalskúluna inn í framtíðina.

það eru fljótlosandi festingar fyrir felgur, sæti og mælaborð til að mynda. Margir hlutar yfirbyggingar eru úr endurunnu plasti og í stað þess að sprauta bílinn með lakki er hann húðaður með álfilmu. Eflaust þykir þó flestum frágangur hans að innan áhugaverður en miðjustokkurinn er gegnsær kristall sem bregst við snertingum farþega. Mælaborðið er allt undir framrúðunni og er það eini skjárinn í bílnum.

Eflaust eigum við eftir að sjá tilvísanir í þennan bíl í næstu bílum BMW, allavega seinna á þessum áratug. ■

Tilraunaútgáfa rafdrifins EQG með alvöru jeppaeiginleika

Meðal sýningargripa Mercedes-Benz í München er tilraunajeppinn EQG. Um rafdrifna útgáfu G-módelsins er að ræða sem áætlað er að fari í framleiðslu árið 2024.

njall@frettabladid.is

Það sem er merkilegt við þennan bíl er að hann mun nota sömu stigagrind og önnur G-módel ásamt öðrum torfærueiginleikum hans. Útlitið verður líka í sama stíl og áður þó að einstaka hlutum sé breytt. Stefnuljósin verða til að mynda áfram ofan á frambrettunum en í stað varadekks að aftan kemur box sem geymt getur hleðslukapla.

Meðal útlitsþátta eru 22 tommu felgur og ljósarönd á þaki.

» Tveggja þrepa sjálfskipting verður í bílnum og er lægra stigið nokkurs konar lággír fyrir torfærur.

Stigagrindin er í raun sú sama og í núverandi G-módeli, en er breytt aðeins til að koma fyrir rafhlöðum. Að framan verður sjálfstæð fjöðrun eins og áður og heill öxull að aftan.

Rafmótorar bílsins verða með tveggja þrepa sjálfskiptingu með nokkurs konar lággír sem nota má í torfærum. Að sögn Mercedes mun bæði lág þyngdarmiðja og gott tog hjálpa bílnum mikið við þess háttar aðstæður. Til að þróa bílinn enn frekar verður hann að sjálfsögðu reyndur á prófunarbraut G-línunnar á hinu 1.445 metra háa Schöckl-fjalli í Austurríki. Því er aldrei að vita nema hér sé kominn framtíðar fjallajeppi Íslendinga. ■

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Mustang Mach E

KOSTIR
- Skemmtilegur að keyra
- Drægi
- Verð

GALLAR
- Pláss í skotti
- Veghæð
- Hliðarstuðningur framsæta

Grunnverð: 6.890.000 kr.
Hestöfl: 351
Tog: 580 Nm
Rafhlaða: 98 kWst

Drægi: 540 km
Hröðun 0-100 km: 5,1 sek.
Hámarkshraði: 180 km
L/B/H: 4.713/1.881/1.625 mm

Hjólhaf: 2.984 mm
Veghæð: 147 mm
Farangursrými: 402/100 lítrar
Dráttargeta: 750 kg

Fyrir myndatökuna var tækifærið notað og upprunalegur Ford Mustang 1966 heimsóttur til að lesendur gætu borið bílana saman útlitslega. Eigandi hans er Stefán Thorarensen. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Langdrægur gæðingur frá Ford

Það gerist alltaf nokkrum sinnum hjá bílablaðamönnum að þeir bíða spenntir eftir prófun á ákveðnum bílum. Nýi Mustang Mach E rafbíllinn er einn af þessum bílum hjá undirrituðum og ekki minnkaði eftirvæntingin með hverri grein sem skrifuð var um þennan bíl.

Mikilvægt var fyrir Ford að hitta í mark með þessum bíl, ekki síst vegna nafnsins sem valið var og að ekki voru allir sáttir við að setja gæðingsheitið á grænan rafmagnsbíl. Um fyrsta alvöru rafbílinn er að ræða hjá Ford sem byggður er á alveg nýjum undirvagni. Hægt er að fá hann með afturdrifi eða fjórhjóladrifi ásamt 76 eða 99 kWst rafhlöðu en við prófuðum fjórhjóladrifsbílinn með stærri rafhlöðunni.

Vekur mikla eftirtekt

Fyrst aðeins um útlitið enda er þetta bíll sem tekið er eftir, kannski ekki síst fyrir arfleifð nafnsins. Það sem undirritaður átti erfiðast með að sætta sig við var sú staðreynd að hér var kominn Mustang með engu grilli, en hesturinn í grillinu er svo innbrenndur í huga manns að það var kannski ekki skrýtið. Auðvitað er hann hærri og meiri um sig, og sást það mjög vel þegar 1966-árgerð var tekin með í myndatökuna. Eitt eiga þeir þó sameiginlegt, en það er lítil veghæð og þrátt fyrir fjórhjóladrifið setur maður spurningarmerki við að kalla þennan bíl jeppling þrátt fyrir byggingarlagið, því að hæð undir lægsta punkt er aðeins 147 mm. Yfir heildina er útlitið samt flott og sækir margt í gamla bílinn, eins og þrískipt afturljósin. Eins er framendinn óvenjulangur og það er vel nýtt með 100 lítra farangursrými undir húddinu.

Skemmtilegur akstursbíll

Upptak þessa bíls er fimm sekúndur í hundraðið svo að fara þarf í ansi svera útgáfu af bensínknúnum Mustang til að toppa það. Við skulum heldur ekki gleyma því að hér er bíll sem er vel yfir tvö tonn að þyngd. Stýrið virkar í þyngri kantinum enda veitir ekki af til að ráða við þetta tæki og sem betur fer er bíllinn nokkuð stífur í beygjum svo að maður fær góða tilfinningu fyrir akstrinum. Ef honum er svo gefið inn út úr beygjunni er hann meira að segja nokkuð yfirstýrður svo að bros færist yfir andlit manns en passa þarf sig á þeirri staðreynd að 2,2 tonn er eitthvað sem ekki má yfirstýra um of. Bíllinn var keyrður á fjórða hundruð kílómetra á meðan reynsluakstrinum stóð og þótt búið væri að fara tvær ferðir upp í sumarbústað sama daginn var drægið ennþá yfir 50%.

Meðaleyðsla í þeim ferðum var aðeins 17,3 kWst sem er aðeins minna en áætluð meðaleyðsla upp á 18,7 kWst. Miðað við það væri bíllinn að fara 5,9 km á kWst sem gerir 576 km drægi á fullhlöðnum bíl. Það er því nokkur léttir fyrir marga að sjá drægi bíla eins og Mach-E en einnig er hægt að fá hann í langkeyrsluútgáfu með allt að 620 km drægi. Minnir hann í þeim efnum meira á hinn þolmikla íslenska gæðing.

Rúmgóður nema aftur í

Að innan er það fyrsta sem mætir manni stór 15 tommu, lóðréttur upplýsingaskjár eins og venja er í Tesla-bílum. Gírskiptingin er tölvustýrður snúningstakki og það sem vekur athygli manns er L-stilling og á að vera eins konar lággír. Það er þó meira í orði heldur en borði því að það sem þessi stilling gerir er að auka bremsuhleðslu bílsins í bröttum brekkum.

Skjárinn fyrir framan bílstjóra er í einfaldari kantinum og sýnir aðeins helstu upplýsingar er við koma akstrinum. Einfalt er því að nota stjórntæki en takki fyrir hljóðstyrk er innfelldur í stóra skjáinn. Fyrir þá sem eru saman í bílnum er jákvætt að sjá þráðlausa farsímahleðslu með pláss fyrir tvo síma. Fyrir fram hefði maður búist við sportlegri innréttingu en þess í stað er frekar einföld notkun á efnum og sæti erum með litlum hliðarstuðningi. Pláss fyrir alla farþega er gott en útsýni með fram aftursætum er heldur lítið. Þess vegna er bakkmyndavél og bakkskynjarar staðalbúnaður í öllum gerðum. Farangursrými er með betra móti ef plássið undir húddi er talið með en pláss í skotti er í minna lagi miðað við samkeppnina.

Vel verðlagður

Hérlendis myndu hans helstu samkeppnisaðilar vera Tesla Model Y, VW ID.4 GTX, og líka kannski Jaguar I-Pace. Jagúarinn er talsvert dýrari en grunnútgáfa hans kostar frá 10.590.000 kr. svo hann er næstum því út úr myndinni. Eins er Teslan í dýrari kantinum í samanburði en hún kostar frá 7.900.000 kr. með virðisaukaskatti. Það er helst að bera bílinn saman við ID.4 GTX sem kostar frá 7.150.000 kr. svo að Mustanginn er greinilega vel verðlagður í samkeppninni. Prófunarútgáfan kostar þó frá 8.990.000 kr. og eflaust er hún sú útgáfa sem margir eru að horfa á. Aðrir væntanlegir keppinautar sem stutt er í eru bílar eins og Ionic 5 og Kia EV6. ■

Ökumannsrýmið er vel útfært og margt sótt í smiðju Tesla á stóra skjánum.

Hurðaropnun er með sérstökum takka á B-bita bílsins.

Farangursrýmið er 402 lítrar en aðeins hægt að fella sætisbök 60/40.

Þokkalegt pláss er í aftursætum en talsverð bríkk er fyrir fótum.

100 lítra pláss undir húddinu gerir sitt til að bæta farangursrýmið og er gott fyrir hluti eins og hleðslukapal.

RAM

ÍSBAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37” - 40” BREYTINGAPAKKA

RAM 3500
LIMITED MEGA CAB

RAM 3500
37” BREYTTUR

RAM 3500
40” BREYTTUR

EVRÓPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

BÍLL Á MYND: RAM 3500 LIMITED MEÐ 40” BREYTINGU

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Billinn verður með nýjum framenda og tvinntækni.

Njósnamynd af andlitslyftingu Ford Focus

njall@frettabladid.is

Von er á nýrri gerð Ford Focus seinna á árinu með uppfærðum tæknibúnaði en nýlega náðust myndir af bílnum við prófanir í Belgíu. Billinn var í dulbúningi að framan sem bendir til þess að framendinn verði endurhannaður frá grunni. Má búast við stærra grilli og endurhönnuðum ljósum, einnig að aftan. Meiri tæknibúnaður verður í bílnum til að hann geti keppt við bíla eins og áttundu kynslóð VW Golf og nýuppfærðan Hyundai i30. Líklega verða engar breytingar á vélum með þessari útfærslu, en helstu vélar eru eins lítra, þriggja strokka vél og 1,5 lítra dísilvél. Einnig má búast við tvinnútgáfu með mildri, 48 volta tvinntækni. Engar áætlanir virðast vera í deiglunni um tengiltvinnútgáfu hans þótt hann deili undirvagni með Kuga PHEV. ■

Meðal búnaðar sjálfkeyrandi ID.Buzz eru 11 radarskynjarar og 14 myndavélar ásamt sex hliðarskynjurum.

Sjálfkeyrandi VW ID.Buzz kemur á götuna árið 2025

njall@frettabladid.is

Rafdrifin útgáfa VW ID.Buzz sendibílsins er væntanleg á götuna 2025 í sjálfkeyrandi útgáfu. Þetta var tilkynnt á básí Volkswagen á bílasýningunni í München í gær. Mun honum ætlað að vera í notkun sem deilibíl þar sem notendur geta hringt í bílinn og fengið hann heim til sín. Volkswagen stofnaði nýlega fyrirtæki er kallast MOIA og er sett til höfuðs Uber og fleiri slíkra fyrirtækja.

» Hamborg í Þýskalandi er fyrsta borgin þar sem billinn verður prófaður.

Munu farartæki MOIA safna saman farþegum með svipaðar áætlunarleiðir og þykir ID.Buzz með sínar þrjár sætaraðir henta vel til verkefnisins til að byrja með. Sjálfkeyribúnaður bílsins var þróaður í samstarfi við ameríska hugbúnaðarfyrirtækið Argo AI. Fyrirtækið kemur einnig fyrir búnaði eins og myndavélum og radarskynjurum sem skynjað geta ökutæki allt að 400 metra í burtu. Hugbúnaðurinn sér svo um að lesa umhverfið og þar með talin fótgangandi og fólk á reiðhjólum. Billinn mun aðeins keyra á götum Hamborgar til að byrja með en fleiri borgir munu svo bætast við. ■

Ný fjögurra strokka vél í Sprinter

njall@frettabladid.is

Mercedes-Benz Sprinter kemur nú með nýrri OM654 fjögurra strokka vél og nýju fjórhjóladrifi. Fjórar útfærslur verða á nýju vélinni og verða þær 150, 170 og 190 hestafla.

Framleiðslu á eldri sex strokka vélinni hefur verið hætt og eins eldra fjórhjóladrifinu. Samkvæmt upplýsingum frá Bílaumboðinu Öskju, umboðsaðila Mercedes-Benz atvinnubíla, verður Sprinter með nýju vélinni í boði hér heima strax í næsta mánuði.

Sprinter er í boði sem sendibíll, pallbíll, grindarbíll og ferðabíll og fáanlegur með framdrifi jafnt sem fjórhjóladrifi. Með framdrifinu býðst aukin hleðslugeta og hleðslukanturinn er lægri í samanburði við bíla með afturdrifi. Mercedes-Benz býður einnig upp á eSprinter sem er hreinn rafbíll en hann kom til landsins fyrr í sumar og er fáanlegur hjá bílaumboðinu Öskju. ■

Margar gerðir Sprinter gera hann að hagkvæmum valkosti í atvinnubílum.

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Vesturhraun 5 210 Garðabær

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

icebreaker

Einnig fáanleg í barna-stærðum

20-50% afsláttur

OSPREY

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur

30-50% afsláttur

sherpa ADVENTURE GEAR

30-50% afsláttur

FERRINO

30% afsláttur

30% afsláttur

KEEN

20-50% afsláttur

PeakPerformance

ALLAR singing rock OG GRIVEL VÖRUR
MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýr Hyundai Tucson Plugin Hybrid Premium. Erum með flæði af þessum bílum. Næstu bílar til afhendingar í byrjun September. Nokkrir litir í boði á afar hagstæðu verði. Kr. 6.490.000,- Þú verður að vera snöggur ef þú ætlar að ná í einn af þeim !

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

Dyrasímar-ljósleiðari-loftnet. Viðhald og endurnýjun Rafeindameistarinn ehf s. 898 4484

RAFLAGNIR, DYRASIMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

K2 LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar

VERKTAKI ÓSKAST
VERKTAKI ÓSKAST Í FRYSTINGU FISKSAFURÐA Óska eftir verktaka í frystingu fiskafurða í viðurkenndri fiskvinnslu. Einnig kemur til greina a leigja frystiaðstöðuna til frambúðar. Staðsetning ekki fyrirstaða. Uppl: 6959039

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

*Gildir frá verðlistaverði

ALLIR VINNA

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Merkisatburðir

1191 Menn Ríkarðs sigra **Saladín** í orrustunni við Arsuf.
1822 Brasilía lýsir yfir sjálfstæði.
1901 Boxarauppreisninni í Kína lýkur.
1953 Níkíta Krútsjov er kjörinn aðalritari kommúnistaflokks Sovétríkjanna.
1953 Mohammad Daoud Khan verður forsætisráðherra Afganistan.
1972 Ísland og Belgía gera með sér samning um heimildir fyrir belgíska togara til fiskveiða innan 50 mílna markanna í tvö ár.
1973 Mósaíkmynd eftir Gerði Helgadóttur á vegg Tollstöðvarhússins í Reykjavík er afhjúpuð.
1992 Haraldur 5. og Sonja, konungshjón Noregs, koma í opinbera heimsókn til Íslands.
1996 Skotið er á bíl rapparans 2Pac í Las Vegas. Hann deyr sex dögum síðar.
1998 Larry Page og Sergey Brin stofna Google.

Jón Steinar Gunnlaugsson ásamt Birni Jóni Bragasyni meðstjórnanda þáttarins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Gagnrýnir dómstóla í hlaðvarpsþætti

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður, gerir grein fyrir hugmyndum sínum um dómstóla í hlaðvarpsþættinum Það sem skiptir máli.

arnartomas@frettabladid.is

Þriðji þáttur hlaðvarpsins Það sem skiptir máli fór í loftið í gær. Þar fjallar Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttarlögmaður, hugmyndir sínar um dómsvaldið á Íslandi.

„Fyrir okkur sem eru komnir aðeins á aldur þá er þetta ansi nýstárlegur tjáningarmáti," segir Jón Steinar. „Unga fólkið hefur meira verið að nota þetta. Einhver stakk því að mér að það yrði sniðugt ef ég setti fram hugmyndir mínar um lögfræðina, dómstólana og hugsanlega misnotkun dómsvaldsins í svona þætti."

Í fyrstu tveimur þáttunum fer Jón yfir hlutverk dómstólanna og af hverju það er eins og það er. „Handhafar hinna þátta ríkisvaldsins, löggjafar- og framkvæmdavalds, eru kosnir eða fá umboð sitt frá almenningi. Það gera dómstólar ekki eins og við vitum," útskýrir Jón Steinar. „Í því felst að þeir taka engar huglægar ákvarðanir og dæma bara eftir lögum. Þess vegna er þýðingarmikið fyrir alla sem starfa á vettvangi dómstólanna að gera sér grein fyrir þeim takmörkunum sem felast í valdinu."

Í þriðja þættinum víkur Jón Steinar að bók sinni frá 1987, Deilt á dómarana, og veltir því fyrir sér hvort hún hafi valdið einhverjum breytingum í réttarkerfinu. Þættirnir verða alls sex og segir Jón Steinar að í næstu þáttum muni hann taka fyrir einstök dæmi og ræða hvað sé hægt að gera til úrbóta.

Dómstóla skortir gagnrýni

Jón Steinar er sammála því að hann sé í einstakri stöðu til að gagnrýna dómsvaldið á Íslandi. „Það er áhyggjuefni hvað starfandi lögfræðingar í dag, hvort sem þeir eru lögmenn eða fræðimenn, eru hikandi við að fjalla af hreinskilni og á gagnrýninn hátt um starfsemi dómstólanna," segir hann. „Dómstólarnir þurfa eins og allar aðrar stofnanir sem fara með þjóðfélagslegt vald að sæta gagnrýni, ekki síst vegna þess að þetta eru æviskipaðir dómarar sem þurfa aldrei að endurnýja umboð sitt."

Þá bendir Jón Steinar á að þegar einstaklingar eru beittir ríkisvaldi séu dómstólar það vald sem gengur þeim næst. „Fólk getur verið svipt frelsi sínu eða börnum og ákvarðanir teknar um fjármál þeirra. Þetta gengur miklu nær mönnum en lagasetningar á Alþingi eða ákvarðanir í Stjórnarráðinu," segir hann. „Þess vegna kalla ég þættina það sem skiptir máli. Það skiptir fólkið í landinu

> **Dómstólarnir þurfa eins og allar aðrar stofnanir sem fara með þjóðfélagslegt vald að sæta gagnrýni, ekki síst vegna þess að þetta eru æviskipaðir dómarar sem þurfa aldrei að endurnýja umboð sitt.**

nefnilega máli að starfsemi þessara stofnana sé í lagi.

Milliliðalaus miðill

Aðspurður um skoðun sína á hlaðvörpum sem miðli segist Jón Steinar heillaður. „Ég verð að segja að mér finnst þetta alveg frábært, að hafa tækifæri til að geta tjáð skoðanir sínar svona sjálfur á alnetinu," segir hann. „Þetta er tjáningarmáti sem stendur alveg undir sér sjálfur. Sá sem vill tala, talar, og sá sem vill hlusta, hlustar. Það þarf engan millilið, svo ég segi bara húrra!"

Hægt er að nálgast þættina á hlaðvarpsveitum á borð við Spotify og iTunes. ■

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ísleifur Þorbjörnsson

lést á Landspítalanum laugardaginn 28. ágúst. Útför fer fram fimmtudaginn 9. september frá Langholtskirkju kl. 13.00.

Hafdís Sigurðardóttir
Sveinlaug Ísleifsdóttir **Magnús Daníel Karlsson**
Hrefna Dröfn Ísleifsdóttir **Kári Skúlason**
Dagbjört Káradóttir **Lovísa Káradóttir**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrafnhildur Bjarnadóttir

Skúlagötu 20,

lést á Hrafnistu við Laugarás fimmtudaginn 2. september. Útför hennar fer fram frá Áskirkju, miðvikudaginn 8. september kl. 15.

Elín K. Helgadóttir **Benedikt Garðarsson**
Anna S. Helgadóttir **Snæbjörn Stefánsson**
Erla H. Helgadóttir
Margrét Helgadóttir **Heimir Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Pedersen

Bjarkarholti 27, Mosfellsbæ,

lést 28. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 9. september kl. 13. Útförinni verður streymt á www.streyma.is

Jóhanna Erla Viðarsdóttir
Guðný Sóley Kristinsdóttir
Hafsteinn Kristinsson **Valdís Árnadóttir**
Helga Kristinsdóttir **Alfreð Chiarolanzio**
Sigrún Kristinsdóttir **Sveinbjörn Sigurðsson**
Kristinn Þór Kristinsson
Eva Kristinsdóttir **Guðmundur Rafn Ásgeirsson**
barnabörn og barnabarnabarn.

---

†

Elskulegi bróðir minn,

Róbert Guðlaugsson

sjómaður, Grettisgötu 46,

varð bráðkvaddur sunnudaginn 15. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Guðmundur Guðlaugsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

ergomotion

Viltu hætta að hrjóta?

Skoðaðu Ergosmart snjallrúmið

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þig við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum út um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.

CES INNOVATION AWARDS 2019

Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, REM svefn og gefur heildarsvefngæðum einkunn.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. aðeins þá er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Veðurspá Þriðjudagur



Vestan og norðvestan 3-8 í dag og dálítil væta í flestum landshlutum. Hiti 7 til 13 stig.

DORMA
Láttu drauminn rætast
Sealy
Amerískir dagar

Lýkur á laugardaginn
Sealy Styður við bakið á þér!
Sealy WASHINGTON
heilsurúm með classic botni
Sealy
Amerískir DAGAR 20% AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.
Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.
Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu. Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.
Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.
Sealy Washington fæst í eftirtöldum stæðum:
160/180/200 x 200 og 192 x 203 cm
Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. AD tilboð: 215.920 kr.
Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði
DORMA
Láttu drauminn rætast

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Hilmir Freyr Heimisson (2.309) átti leik gegn Tamas Banusz (2.631) á Kviku Reykjavíkurskákmótinu – EM einstaklinga.

22...Rc1!! 23. Bxf6 (23. Dxc1 Dxe2). **23...Rxe2+ 24. Kh1 Rxg3+! 25. hxg3 Dh5+ 26. Kg1 Hxg2+! 0-1. Eftir 27. Kxg2 kemur 27...Bd5+.**

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar

Krossgáta

LÁRÉTT
1 hjálpartæki
5 herma
6 íþróttafélag
8 dýrabogi
10 rykögn
11 gyðja
12 aldinlögur
13 málmur
15 trega
17 sefa

LÓÐRÉTT
1 nagdýr
2 hljóðar
3 frostsár
4 dren
7 meðhöndla
9 deyfð
12 hrikt
14 geil
16 til



LÁRÉTT: **1** hækja, 5 apa, 6 fh, 8 gildra, 10 ar, 11 rán, 12 must, 13 úran, 15 sorgar, 17 friða.
LÓÐRÉTT: **1** hagamús, 2 æpir, 3 kal, 4 afras, 7 hantera, 9 drungi, 12 marr, 14 rof, 16 aþ.

Sudoku

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Örlagaríkur leiðangur

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þung ský er ný bók eftir Einar Kárason en þar segir frá skelfilegu slysi og örlagaríkum björgunarleiðangri.

„Sagan byggir lauslega á mesta flugslysi Íslandssögunnar sem varð í Héðinsfirði árið 1947. Hugmyndin kviknaði þegar ég heyrði viðtal við einn af björgunarmönnunum sem kom á staðinn, en aðkoman var svakaleg," segir Einar.

Hann sankaði að sér heimildum við vinnslu verksins og þar reyndust margir hjálplegir. „Einn þeirra var Örlygur Kristfinnsson sem ég heimsótti á Siglufjörð. Hann hefur safnað töluverði efni um þennan atburð og faðir hans hafði farið á slysstaðinn daginn eftir björgunarleiðangurinn til að mynda."

Stíll sem hentar efninu

Einar vann frjálslega úr efninu. „Ég sá að ég yrði að breyta mjög miklu til að gera þetta að meiri sögu og bjó til nýja karaktera. Aðalpersónan er drengur sem er með einhverfueinkenni. Sagan er sögð út frá sjónarhóli þeirra manna sem komu á slysstað. Þetta eru fjórir menn frá bæ sem líkist Siglufirði og svo fjórir menn frá stað sem líkist Siglunesi en ég breytti staðarnöfnum og landslagi af því það hentaði betur. Svo er þarna ákveðið tvist í lokin, eins og í Stormfuglum," segir Einar.

Stíllinn er flæðandi, svipaður því sem var í Stormfuglum. „Þetta er stíll sem hentar efninu, langar málsgreinar með uppbrotnum setningum. Mér finnst svoleiðis stíll henta ágætlega til að gefa tilfinningu fyrir



Mér finnst þetta nóvelluform henta vel, segir Einar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Hugmyndin kviknaði þegar ég heyrði viðtal við einn af björgunarmönnunum.

því að margt sé að gerast í einu í einhvers konar óreiðu, sem skapast alltaf við atburði eins og þessa."

Ein bók eftir

Bókin er jafnlöng og hin rómaða bók Einars, Stormfuglar, 120 blaðsíður og í sama broti. Hann er spurður hvort það sé ekki nokkur kúnst að segja mikla harmsögu í fremur stuttri bók. „Mér finnst þetta nóvelluform henta vel. Upphaflega sá ég Stormfugla fyrir mér sem eins konar hápunkt í stóru epísku verki, en áttaði mig svo á því að svona atburðir, sem gerast á örfáum sólarhringum, eiga að standa frítt í nóvellu. Þá er lesandinn líka á staðnum með fólkinu sem verið er að segja frá."

Spurður hvort hann hugsi Stormfugla og Þung ský sem hluta af þríleik segir Einar: „Árið 2018, þegar ég var að skrifa Stormfugla, var ég með það í huga að skrifa þrjár nóvellur um einhvers konar slysfarir. Ef ég fylgi þeirri reglu á ég eina bók eftir."

Er hann búinn að finna söguefnið í þá bók? „Ég er að velja úr, ætli ég verði ekki nær sjónum aftur." ■

Fegurðin víðsfjarri í Fidelio

TÓNLIST

Fidelio eftir Beethoven í styttri útgáfu

★★½☆☆

Leikstjórn og leikgerð: Bjarni Thor Kristinsson
Aðalhlutverk: Guja Sandholt, Dísella Lárusdóttir, Oddur Arnþór Jónsson, Egill Árni Pálsson, Bjarni Thor Kristinsson og Gissur Páll Gissurarson
Tónlistarstjórn: Stefan Sand Groves og Gísli Jóhann Grétarsson
Hljómsveitarstjóri: Stefan Sand Groves
Norðurljós í Hörpu fimmtudaginn 26. ágúst

Jónas Sen

Í kvikmyndinni Eyes Wide Shut með þeim Tom Cruise og Nicole Kidman er fjallað um kynlífsklúbb hinna ríku og voldugu. Lykilorðið til að komast inn í klúbbinn er Fidelio sem merkir trúr. Þetta eru öfugmæli, því enginn er trúr maka sínum í klúbbnum.

Fidelio er einnig nafnið á óperu eftir Beethoven. Hún var sett upp í mjög styttri mynd í Norðurljósasalnum í Hörpu á fimmtudagskvöldið.

Ólíkt Eyes Wide Shut er aðalpersónan í óperunni trú manni sínum, en hún bregður sér í dulargervi til að frelsa hann úr fangelsi. Í Eyes Wide Shut eru líka allir dulbúnir í kynlífsklúbbnum, en dulargervið í Fidelio er lítt sannfærandi. Þetta er dæmigert fyrir svo margt sem er fjarstæðukennt í heimi óperunnar. Í La Traviata syngur kona með berkla af þrumuraust alveg fram í andlátið. Í Fidelio – eins og hún var færð upp hér – þurfti aðalpersónan bara að setja á sig húfu til að enginn þekkti hana.

Frá æfingu á Fidelio. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Rýr hljóðfæraleikur

Hljóðfæraleikurinn í Fidelio í sinni upprunalegu mynd er í höndum heillar sinfóníuhljómsveitar, en núna var flutt útsetning fyrir sjö hljóðfæraleikara. Þetta voru tveir píanóleikarar, tveir sellóleikarar, tveir hornleikarar og einn slagverksleikari. Útsetningin var haganlega gerð, nema þegar slagverkið hljómaði eitt og sér, sem var býsna hjáróma. Hljóðfæraleikurinn sjálfur var líka misgóður, sumar tónahendingarnar misstu marks og samspilið var ekki alltaf nákvæmt.

Rýr hljóðfæraleikurinn gerði að verkum að söngurinn náði sjaldnast flugi, enda er hljómsveitarröddin órjúfanlegur hluti af söngnum. Saman mynda þau eina heild og hér varð hún aldrei mjög bitastæð. Söngurinn var þó góður í sjálfu sér. Dísella Lárusdóttir var með allt á hreinu, söngur hennar var fagur og dillandi. Sömu sögu er að segja um Odd Arnþór Jónsson, Egil Árna Pálsson, Bjarna Thor Kristinsson og Gissur Pál Gissurarson.

Nefna verður sérstaklega Guju Sandholt sem var í aðalhlutverki konunnar í dulargervinu. Bæði var söngurinn magnaður, tær og kraftmikill, og svo var leikræn frammistaða einstaklega trúverðug. Hins vegar var fátæklegur búningur hennar ekki beint augnayndi. Sama má segja um búningana í heild, þeir voru hvorki fugl né fiskur.

Grínið aumt yfirklór

Í lok sýningarinnar, en áður en hún var búin, stigu allir skyndilega úr hlutverkum sínum og fóru að hnakkrífast. Sjónum var beint að veikleikum sýningarinnar sem hér hafa meðal annars verið taldir upp og þeir sýndir í spaugilegu ljósi. Varpað var ljósi á raunveruleikann að baki uppfærslunni og alls konar vandamál tíunduð.

Skilaboð uppákomunnar voru þau að óperuuppfærsla kostar heilan helling, og að hér var lagt af stað með enga peninga. Markmið sýningarinnar var að hægt væri að upplifa smjörþefinn af Beethoven og hlæja góðlátlega að vankönturum í leiðinni. Ekki var betur skilið.

Maður átti sem sagt að taka viljann fyrir verkið. Var það skárra en ekkert? Ég veit það ekki. Vissulega má brosa að mörgu í Fidelio, en efni óperunnar, um helgi hjónabandsins, er háalvarlegt. Atriði í henni eru með því fegursta í gervöllum tónbókmenntunum. Þessi fegurð var víðsfjarri hér. Hið fallega var fáránlegt, hið fína ófágað, hið flotta fátæklegt. Í staðinn var boðið upp á skrumskælingu á dýrmætri perlu Beethovens, og mér var satt best að segja ekki skemmt. ■

NIÐURSTAÐA: Fremur ósannfærandi uppfærsla á Fidelio og kómískur gerningur í lokin náði ekki að breiða yfir vankantana.

EVA SOLO GLÖS
Smoke 38cl 3.192 kr 3.990 kr
Glært 35cl 3.992 kr 4.990 kr

BODUM GOOSENECK
Ketill 1.l 14.392 kr 17.990 kr

MUUBS FAT
27x31 cm
6.072 kr 7.590 kr

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

Þú finnur bæklinginn á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 Lengjudeildarmörkin (e) Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Lífið er lag (e) Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 433.is 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Sjálfstæðisflokkurinn
12.05 Venjulegt brjálæði
12.45 Tíu fingur Gunnar Kvaran.
13.45 Hraðfréttir
13.55 Í 50 ár Norðfjörður í 50 ár
14.35 Pricebræður bjóða til veislu
15.05 Gleðin í garðinum
15.35 Átta raddir Garðar Thór Cortes.
16.10 Price og Blomsterberg
16.35 Menningin - samantekt
16.50 Íslendingar Rúnar Júlíusson.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Handboltaáskorunin
18.13 SOS
18.25 Hönnunarstirnin
18.42 Nei sko! Sólkerfið.
18.45 Krakkafréttir
18.50 Síðasta lag fyrir fréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Miðflokkurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, situr fyrir svörum um störf sín og stefnumál.
20.30 Treystið lækninum Trust Me I'm a Doctor
21.25 Sætt og gott Det søde liv
21.40 Hamingjuleit Hvor ligger Løkken? Danskir gamanþættir um Henrik og Stephanie sem stefna á rómantíska ferð til Frakklands en kórónuveirufaraldurinn setur strik í reikninginn og þau ákveða að reyna að blása nýjum glæðum í sambandið með því að fara í hjólaferð innanlands. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Stjórnandinn Moscow Noir Sænsk-rússneskir spennuþættir um sænskan fjárfestingaráðgjafa í Moskvu árið 1999.
23.05 Tvíburi Twin
23.50 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.00 PGA Tour Útsending frá TOUR Championship.
12.00 PGA Tour Útsending frá TOUR Championship.
18.00 PGA Highlights
18.55 PGA Tour Útsending frá TOUR Championship.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Moonbase 8
15.35 Young Rock
16.05 A.P. BIO
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 A Million Little Things
21.00 Bull
21.50 The Stand (2020)
22.35 The Chi
23.25 The Royals
00.10 The Late Late Show
00.55 New Amsterdam
01.40 Nurses
02.25 Good Trouble
03.10 The Bay
03.55 Kielergata

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Kvöldfréttir
18.20 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Krakkakastið Hannes Þór Halldórsson.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl (25 af 31)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

11.40 Superman. Red Son
13.00 Cats
14.50 Love at First Bark
16.15 Superman. Red Son
17.40 Cats
19.30 Love at First Bark
21.00 Snatch Sprenghlægileg glæpa- og spennumynd þar sem Jason Statham, Brad Pitt og Benicio Del Toro eru á meðal einvalaliðs leikara.
22.40 Hurricane
00.25 Godzilla Árið 1999 var Janjira kjarnorkuverinu í Japan eytt með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið. Mörgum árum síðar er Joe Brody enn að leita eftir orsökum eyðileggingarinnar en konan hans dó í slysinu.
02.20 Snatch

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Logi í beinni
10.55 Hversdagsreglur
11.15 NCIS
12.00 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 The Office
13.15 Family Law
14.00 Feðgar á ferð
14.20 Ísskápastríð
14.55 Skítamix
15.20 Nýja Ísland
16.25 The Masked Singer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Pallborðið
19.10 Shark Tank
19.55 The Goldbergs
20.20 The Dog House
21.10 Next Hörkuspennandi vísindaskáldskapur og glæpaþættir frá 2020 með John Slattery í aðalhlutverki.
21.55 The Murders Drama- og glæpaþættir frá 2019. Kate Jameson, nýliði í rannsóknarlögreglunni, leitast eftir friðþægingu í rannsóknum sínum eftir að hafa gerst sek um gáleysi sem leiddi til dauða samstarfsfélaga hennar.
22.45 The Wire
23.40 Allskonar kynlíf Allskonar kynlíf eru fræðslu- og skemmtiþættir með Siggu Dögg kynfræðingi og Ahd Tamimi, sérlegum aðstoðarmanni hennar. Saman rýna þau í hin ýmsu málefni tengd kynlífi.
00.10 Pennyworth
01.00 Mrs. Fletcher
01.30 The Mentalist
02.15 Grey's Anatomy
02.55 NCIS
03.35 Veronica Mars
04.20 Friends

Stöð 2 Sport

08.15 KR - ÍR. Leikur 1 Útsending frá leik 1 í úrslitaeinvígi í Dominos-deild karla árið 2019.
10.05 ÍR - KR. Leikur 2
11.50 KR - ÍR. Leikur 3
13.50 Pepsi Max Mörkin
16.50 Ísland - Grikkland Bein útsending frá leik í undankeppni fyrir EM U21.
18.55 Osijek - Breiðablik
20.35 Meistarakeppni karla. Valur - Haukar
22.00 Fylkir - Þór/KA Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
23.40 Ísland - Grikkland

Stöð 2 Sport 2

07.20 Svíþjóð - Spánn
09.00 Finnland - Kasakstan
10.40 Lettland - Noregur
12.25 Úkraína - Frakkland
14.05 Færeyjar - Danmörk
15.50 Aserbaísjan - Portúgal Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
17.55 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
18.35 Frakkland - Finnland Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
20.45 Markaþáttur HM 2022
21.15 Aserbaísjan - Portúgal
22.55 Mörkin í undankeppni HM
23.45 Frakkland - Finnland

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

BÓNUS

Lemon

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

HRINGBRAUT

Jóhanna Vigdís segir þær Agnethu og Anni-Frid engu hafa gleymt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jóhanna Vigdís veit hvað hún syngur þegar ABBA er annars vegar eins og hún sýndi svo eftirminnilega í söngleiknum Mamma Mia! MYND/AÐSEND

> Bara sama góða ABBA-sándið. Þetta breiða, flotta, djúsí sánd.
>
> Jóhanna Vigdís.

Forkaupsréttur á gamalli gæsahúð

„Það bara kemur ekkert annað til greina," segir ABBA-drottningin Jóhanna Vigdís Arnardóttir um fyrirhuguð kaup sín á breiðskífunni Voyager í forsölu. Hún er síður en svo ein á þessum báti því plötusalar segja stemninguna góða og greinilegt að fjölmörg bíði spennt eftir fyrstu ABBA-plötunni í 40 ár.

thorarinn@frettabladid.is

Gæsahúð ljúfrar fortíðarþrár hrísl-aðist um ABBA-aðdáendur víða um lönd í síðustu viku þegar tvö glænný ABBA-lög voru frumflutt sem forsmekkurinn af því sem koma skal á nýrri tíu laga plötu, Voyager, sem kemur út þann 5. september.

„Það er smá stemning fyrir þessu. Þetta kom mér reyndar svolítið á óvart. Við vissum ekkert af þessu," segir Sverrir Örn Pálsson hjá Alda Music sem er byrjaður að taka við pöntunum í forsölu og bætir við að hann hafi trú á að platan eigi eftir að rokseljast. „Þetta er gott. Hef hlustað töluvert á þetta."

Bara sjúkt

„Ég er ekki búin að panta mér en ég er sko að fara að panta. Að sjálf-sögðu," segir leik- og söngkonan Jóhanna Vigdís Arnardóttir og hlær. „Það bara kemur ekkert annað til greina," heldur Hansa áfram og óhætt að segja að málið sé henni beinlínis skylt þar sem auk þess að vera ákafur ABBA-aðdáandi fór hún algerlega á kostum sem Donna í söngleiknum Mamma Mia! í Borgarleikhúsinu sællar minningar.

Stórtíðindi síðustu viku komu henni ekki alveg í opna skjöldu þar sem einhvers konar endurkomu-áform ABBA spurðust út fyrir örfáum misserum. „Maður vissi samt ekki að það kæmi svona mikið en það er náttúrlega bara sjúkt. Að sjálfsögðu. Það eru allir með „comeback" og af hverju ekki þau?" spyr Jóhanna og svarið liggur sjálfsagt í augum uppi.

Afstæður æsingur

„Forsalan gengur vel og það eru greinilega margir sem bíða spenntir eftir að fá nýja ABBA-plötu," segir Haraldur Leví Gunnarsson, Halli í Plötubúðinni, og tekur undir með Sverri Erni að stemningin í kringum Voyager sé góð þótt hún hafi ekki sett netþjón Plötubúðin.is á hliðina.

„Ekki ennþá allavegana. Hann er svo góður að hann ræður við þetta," segir Halli. „Nei, nei. Þetta er bara svona eins og gengur í þessu og það er alltaf ákveðinn hópur sem finnst gaman að tryggja sér þetta strax.

Þetta er oft samt náttúrlega bara brot af öllum þeim fjölda fólks sem tekur ekki þátt í þessu og kemur bara þegar það sér að platan er komin í hús."

Þá bendir Halli á að mælikvarðinn á það hvenær hægt sé að tala um að allt sé brjálað í plötusölu sé afstæður. „En þessi tvö lög sem eru komin út eru að virka vel á fólk þannig að ég held það séu margir sem hafi trú á þessu og að þetta verði fín plata."

> Þessi tvö lög sem eru komin út eru að virka vel á fólk þannig að ég held það séu margir sem hafi trú á þessu og að þetta verði fín plata.

Halli í Plötubúðinni.

Mamma mia!

Sverrir Örn segir að í fljótu bragði virðist geisladiskurinn vera að gera það gott í forsölunni og útilokar ekki að það kunni að gefa einhverja vísbendingu um samsetningu markhópsins. „En síðan er líka fullt af þessu fólki að fara til baka í vínil-inn," segir hann um mannskapinn sem var upp á sitt besta á sama tíma og ABBA.

„ABBA Gold selst alltaf á vínil og mokast jafnt og þétt út allan ársins hring," segir hann um safnplötuna sígildu sem á vínil hefur setið sem fastast í efri lögum sölulista í áratug.

Þá nefnir hann kvikmyndatón-listina úr Mamma Mia! sem annað dæmi um seigluna í ABBA. „Hún fór í 12.000 eintökum á sínum tíma þegar hún kom út 2008."

Og talandi um Mamma Mia! þá segir Jóhanna Vigdís að vissulega sé ákveðin áhætta fólgin í því að ætla að fylgja óumdeildri snilld gömlu ABBA-laganna eftir svona löngu seinna.

Stutt pása

„Nákvæmlega. Þetta er bara gott stöff," segir Hansa og viðurkennir að eðlilega hafi kannski komið á hana smá hik við fyrstu hlustun á nýju lögin I Still Have Faith In You og Don't Shut Me Down. „Þannig að maður þarf náttúrlega að hlusta aðeins betur og maður á eftir að læra textann," segir Hansa sem var fljót að átta sig á því að Agnetha og Anni-Frid hafa engu gleymt.

Því til stuðnings vísar hún í Facebook-færslu Stefáns Hilmarssonar um að þetta sé eins og „þau hafi tekið stutta pásu, skroppið í skíðafrí, skilið mixerinn eftir í gangi, snúið aftur og rúllað inn næsta lagi."

„Og það er nákvæmlega það sem þetta er," áréttar Hansa. „Bara sama, góða ABBA-sándið. Þetta breiða, flotta, djúsí sánd og þær hafa engu gleymt. Alveg sami sjarminn og það eimir alveg af gömlu og góðu Agnethu og Anni-Frid." ■

Lögin tíu á Voyager

1 I Still Have Faith In You
2 When You Danced With Me
3 Little Things
4 Dont Shut Me Down
5 Just A Notion
6 I Can Be That Woman
7 Keep An Eye On Dan
8 Bumble Bee
9 No Doubt About It
10 Ode To Freedom

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistlar, Halldór og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



frettabladid.is

SÓFA SETT?

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

TORG 520 9595

■ Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Hreðjasár af bermælgi

Maður á víst ekki að vera með fordóma en óhætt er að segja að Spánverjar séu býsna málglaðir. Allavega hef ég búið hér í rúman áratug og ekki fundið nema einn fámæltan mann en hann á einmitt bróður sem talar við stokka og steina ef ekki er öðrum áheyrendum fyrir að fara og oft má heyra mál hans yfir í næsta bæjarfélag. Sá háveri er auðvitað talinn laukur ættar sinnar meðan hinn þöguli þykir hálfgerð ættarskömm, enda engin alþýðufræði hér á Spáni að hæst glymji í tómri tunnu.

Stundum hef ég kvartað yfir því að hversdagslegt bull sé í hávegum í öllu þessu orðagjálfri en svo eiga Spánverjar það einnig til að leysa frá skjóðunni af meira hispursleysi en ég hef kynnst hjá ódrukknum Íslendingum. Til dæmis sagði vinkona mín á fertugsaldri frá því í miklum mannfagnaði að hún hefði misst áhugann á kynlífi fyrir tólf árum og þætti nú karlmenn jafn eggjandi og útidyrahurð. Setti þá að mér sorg. Fyrir skemmstu sagði síðan félagi frá því, við svipaðar aðstæður, að hann hefði ekki getað stundað kynlíf frá því hann var skorinn upp við meini miklu við kynfærin. Og bætti svo við „æ, greyið konan mín.“ Fékk þetta svo á mig að daginn eftir varð mér hræðilega illt í pungnum og reyndar svo mjög að ég fór að pæla í því hvað væri til ráða fyrir konu mína er ég væri genginn úr skaftinu.

Á morgun er samkunda með vinafólki. Ég vona að það verði bara rætt um raforkuverðið. ■